



Foreldrasamstarf i leikskóla

Væntingar pólskra foreldra til leikskóla og
viðhorf leikskólakennara til menntunar barna af
erlendum uppruna

Iwona Maria Samson

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Foreldrasamstarf i leikskóla
Væntingar pólskra foreldra til leikskóla og
viðhorf leikskólakennara til menntunar
barna af erlendum uppruna

Iwona Maria Samson

Lokaverkefni til M.Ed-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

Aðstoðarleiðbeinandi: Gunnar E. Finnbogason

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Október 2014

Foreldrasamstarf í leikskóla.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed. prófs við kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2014 Iwona Maria Samson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprentun

Reykjavík, 2014

Formáli

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaritgerð til M.Ed.- prófs í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasviði, í október 2014. Ritgerðin fjallar um rannsókn sem var unnin vorið 2014.

Ég vil þakka leikskólakennurunum og foreldrum sem tóku þátt í rannsókninni minni fyrir tíma þeirra og áhuga á verkefninu, en án þeirra hefði það aldrei orðið til. Að auki vil ég þakka fjölskyldu minni og öllum þeim sem studdu við bakið á mér meðan á verkefnavinnan fór fram, sérstaklega þakka ég H.H. sem sá um yfirlestur og veitti góð ráð.

Sérstakar þakkir til leiðbeinanda mins, Höllu Jónsdóttur, fyrir markvissa leiðsögn og þolinmæði og Gunnari E. Finnbogasonar.

Ágrip

Ísland er í dag að verða fjölbreyttara samfélag að því leitinu, að fleiri einstaklingar af erlendum uppruna setjast hér að og stunda nám og vinnu.

Mikilvægt er að sinna vel börnum af erlendum uppruna, því ekki er auðvelt fyrir þau að koma inn í íslenskan leikskóla, þar sem allt önnur menning ríkir en þau eru vön. Það er margt sem þessi börn þurfa að aðlaga sig að og ber að taka tillit til þess.

Rannsóknir um samstarf heimilis og leikskóla sýna, að allir foreldrar hafa mismunandi skoðanir á því, hvað henti barni þeirra og hvaða þjónustu það þurfi. Oft vita foreldrar ekki hvaða þjónusta er í boði og er það hlutverk leikskólakennara, að sýna þeim, hvaða réttindi þeir hafa í kerfinu. Því er það hlutverk leikskólans, að leita eftir upplýsingum frá foreldrum og hlusta á skoðanir þeirra.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna væntingar þriggja pólskra mæðra í Ísafjarðarbæ til leikskólagöngu barna þeirra og að kanna hvernig þrír leikskólakennarar í Ísafjarðarbæ telja sig koma til móts við börn af erlendum uppruna. Bera síðan saman væntingar mæðranna og lýsingar leikskólakennaranna á því, hvernig þeir taka á móti og vinna með börn af erlendum uppruna, finna hvað er sameiginlegt í væntingum mæðranna og aðgerðum leikskólakennaranna og hvað greinir þarna á milli. Síðan verða niðurstöðurnar notaðar til að finna lausnir, sem byggja á kenningum um fjölmennningarlegt skólastarf.

Í rannsókninni var leitast við að svara spurningum „Hverjar eru væntingar þriggja pólskra mæðra til leikskólagöngu barna sinna“ og „Hvernig upplifa þrír leikskólakennarar hlutverk sitt og aðferðir við að vinna í fjölmennningarlegum leikskóla og með börn af erlendum uppruna“. Notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir sem fólust í vötölum við þrjár pólskar mæður og þrjá leikskólakennara í Ísafjarðarbæ. Rannsóknin fór fram vorið 2014.

Helstu niðurstöður sýna, að væntingar foreldra barna af erlendum uppruna varðandi leikskólagöngu barna þeirra eru, að leikskólann sé mikilvægur fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast íslenskri menningu. Það kemur líka fram, að mæðurnar vilja eiga gott samstarf milli leikskóla og heimilis og fá allar upplýsingar um dagleg starf hans. Allir

foreldrarnir hlökkuðu til að barnið þeirra fengi tækifæri til að leika við börn á sama aldri, læra að fara eftir reglum og læra íslensku.

Í viðtölum við leikskólakennarana kom fram, að þeir eru allir tilbúnir til að taka á móti börnum af erlendum uppruna, þó það sé ekki til nein áætlun um það í flestum leikskólum Ísafjarðabæjar. Þeir töldu, að mikilvægt sé að ná til alla foreldra barna af erlendum uppruna og til að auðvelda það, þá þarf að hafa kennara af erlendum uppruna í hverjum leikskóla og það sé alveg frábært að hafa fjölbreyttan starfsmannahóp í leikskólum, því samfélagið hér á Íslandi er að verða fjölmennilegt.

Abstract

Parent participation in preschool

Iceland is now becoming a more diverse society, because more and more people of foreign origin settle here and study and work.

It is important to take good care of children of foreign origin, as it is not easy for them to attend national preschools, where a very different culture exists, compared to what they are accustomed. There are many things that these children need to adjust to, and that should be taken into account in the schools.

Research on the relationship between the home and the pre-school shows, that all parents have different opinions on what suits their children and what services they need. Foreign parents do not often know what services are available and it is the role of preschool teachers to show them their rights in the school system. Therefore, it is the role of the preschool, to look for information from the parents and listen to their views.

The aim of this study is to explore the expectations of three Polish mothers in the Community of Isafjardarbaer to the preschool attendance of their children and to examine the perception of three preschool teachers in Isafjardarbaer to how they receive and accommodate children of foreign origin. Then to compare the expectations of the mothers to the preschool teachers' descriptions of how they accommodate and work with foreign children, find out what is common in the mothers' expectations and the actions of the pre-school teachers and what separates them. Then the results will be used to find solutions that are based on theories of multicultural education.

This study tries to answer the questions: *"Expectations of three Polish mothers to the preschool attendance of their children"* and *"The perceptions of three pre-school teachers of a multicultural preschool and the education of children of foreign origin"*. Qualitative research methods were used to interview three Polish mothers and three preschool teachers in the community of Isafjardarbaer. The study was conducted in the spring of 2014.

The main findings show, that the expectations of parents of children of foreign origin of the preschool attendance of their children are, that

preschool is important for the children to adapt to Icelandic society and to learn about Icelandic culture. The result also showed, that mothers wish to have a good cooperation between the preschool and the home and to receive all the details of the school's daily tasks. All the parents looked forward to their children's chances to play with children of the same age, learn to follow basic rules and learn Icelandic.

In the interviews with the preschool teachers it was clear, that they are all willing to receive children of foreign origin, although there is no written plan for such a reception in most preschools in Isafjardarbaer. They felt that it is important to be able to reach all parents of children of foreign origin. To facilitate that, it is necessary to have teachers of foreign origin in all preschools and it is just great to have diverse members of staff in preschools, because Icelandic society is becoming multicultural.

Streszczenie

Współpraca z rodzicami w przedszkolu

Islandia dziś cechuje się zróżnicowanym społeczeństwem poprzez to, iż coraz więcej osób pochodzenia zagranicznego osiedla się tutaj, żeby się uczyć i pracować.

Bardzo ważne jest, aby zadbać o dzieci pochodzenia zagranicznego ponieważ nie jest dla nich łatwo zacząć pobyt w islandzkim przedszkolu, w którym obowiązuje inna kultura i obyczaje niż ta którą znają. Jest wiele rzeczy do których te dzieci potrzebują się przyzwyczaić i należy mieć to na uwadze.

Badania na temat współpracy domu z przedszkolem ukazują, że wszyscy rodzice mają różne poglądy na temat tego co jest najlepsze dla ich dziecka i jakie usługi mu się należą ich zdaniem. Często rodzice nie wiedzą jakie usługi są proponowane przez przedszkole i to jest zadaniem nauczyciela przedszkolnego aby przedstawić rodzicom jakie prawa im przysługują w systemie szkolnictwa. Ponieważ to jest zadaniem przedszkola, aby szukać informacji u rodziców i mieć na względzie ich poglądy.

Celem badania jest zorientowanie się jakie wymagania mają trzy polskie matki w okręgu Ísafjörður względem przedszkola ich dziecka oraz również poznanie opinii trzech nauczycielek przedszkolnych w okręgu Ísafjörður w jaki sposób podchodzą one do dzieci pochodzenia zagranicznego. Następnie będą porównane odpowiedzi w sprawie oczekiwań matek z odpowiedziami nauczycielek na temat sposobów w jaki podchodzą do dzieci pochodzenia zagranicznego i znalezienie wspólnych cech w odpowiedziach oraz również co je różni. Następnie wyniki badań będą użyte do znalezienia rozwiązań na podbudowie teorii o edukacji multikulturowej.

W badaniu szukano odpowiedzi na pytania *„Jakie są oczekiwania trzech polskich matek względem przedszkola ich dziecka”* oraz *„Jaka jest postawa trzech nauczycielek przedszkolnych wobec multikulturowego przedszkola oraz edukacji dzieci pochodzenia zagranicznego”*. Zastosowano metodę sondażu diagnostycznego poprzez użycie techniki badawczej polegającej na wywiadzie kwestionariuszowym z trzema polskimi matkami oraz trzema nauczycielkami przedszkolnymi w okręgu Ísafjörður. Badania były przeprowadzane wiosną 2014 roku.

Główne wnioski pokazują, że oczekiwania rodziców dzieci zagranicznego pochodzenia względem przedszkola ich dziecka są takie, że przedszkole jest

bardzo ważne dla ich dzieci aby mogły przyzwyczaic się do islandzkiego społeczeństwa i poznać islandzką kulturę. Pokazują również że matki chcą nawiązać dobrą współpracę z przedszkolem oraz otrzymywać wszystkie informacje na temat prowadzonych w nim zajęć. Wszyscy rodzice cieszyli się z faktu, że ich dziecko będzie miało okazję bawić się z dziećmi w tym samym wieku, nauczy się języka islandzkiego oraz pozna zasady obowiązujące w islandzkim społeczeństwie.

W wywiadzie z nauczycielkami przedszkolnymi okazało się, że wszystkie są gotowe na przyjęcie dzieci pochodzenia zagranicznego pomimo iż nie ma żadnego konkretnego planu postępowania w takich przypadkach. Nauczycielki podkreślają, że bardzo ważne jest nawiązanie bliskiego kontaktu z rodzicami dzieci pochodzenia zagranicznego i aby to zadanie ułatwić powinien w każdym przedszkolu pracować nauczyciel pochodzenia zagranicznego i to jest wspaniałe posiadać zróżnicowaną grupę pracowników w przedszkolach ponieważ społeczeństwo tutaj w Islandii jest wielokulturowe.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	7
Streszczenie	9
1 Inngangur	15
1.1 Tilgangur rannsóknarinnar	16
1.2 Markmið rannsóknar	17
1.3 Rannsóknarspurningar	17
1.4 Uppbygging ritgerðarinnar	17
2 Fræðilegur bakgrunnur	19
2.1 Réttindi barna. Lög og reglugerðir	19
2.2 Samstarf heimila og leikskóla	19
2.3 Viðhorf foreldra	21
2.4 Hlutverk leikskólans og leikskólakennara	22
2.5 Aðferðir til að auðvelda leikskólagöngu	23
2.5.1 Lykilpersóna	23
2.5.2 Samvinnunám	23
2.5.3 Leikur	24
2.6 Fjölmening i leikskólum	24
3 Rannsóknaraðferð	29
3.1 Rannsóknarsnið	29
3.2 Gagnaöflun	29
3.2.1 Undirbúningur	29
3.2.2 Viðtal	30
3.3 Þátttakendur	30
3.3.1 Kynning á leikskólakennaranum	31
3.3.2 Kynning á foreldrum	32
3.4 Réttmæti og áreiðanleiki	32
3.5 Greining gagna	33
4 Niðurstöður	35

4.1	Viðtöl við foreldra.....	35
4.1.1	Ytri aðstæður við upphaf leikskólagöngu barna þriggja pólskra mæðra	35
4.1.2	Fræðslan um leikskólann.....	36
4.1.3	Væntingar þeirra til leikskólanna	38
4.1.4	Tilfinningar (liðan þegar barnið hóf leikskólagöngu)	43
4.1.5	Samantekt	45
4.2	Viðtöl við leikskólakennara.....	46
4.2.1	Undirbúningur í leikskólanum	47
4.2.2	Aðlögun barna	47
4.2.3	Aðferðir notaðar til að auðvelda leikskólagöngu	49
4.2.4	Umhverfi.....	50
4.2.5	Upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla	51
4.2.6	Væntingar foreldra til leikskóla	52
4.2.7	Samantekt	53
5	Umræða	57
5.1	Foreldrar	57
5.1.1	Ytri aðstæður við upphaf leikskólagöngu barna þriggja pólskra mæðra	57
5.1.2	Fræðslan um leikskólann.....	58
5.1.3	Væntingar þeirra til leikskólanna.	58
5.1.4	Tilfinningar (liðan þegar barnið hóf leikskólagöngu)	60
5.1.5	Samantekt	61
5.2	Leikskólakennarar.....	61
5.2.1	Undirbúningur í leikskólanum	61
5.2.2	Aðlögun barna	62
5.2.3	Aðferðir notaðar til að auðvelda leikskólagöngu	62
5.2.4	Umhverfi.....	63
5.2.5	Upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla	64
5.2.6	Væntingar foreldra til leikskóla	65
5.2.7	Samantekt	65
5.3	Rannsóknarspurningum svarað.....	66
6	Lokaorð.....	67
	Heimildaskrá.....	69
	Viðauki.....	73

1 Inngangur

Í þessari ritgerð er skoðuð viðhorf og væntingar þriggja pólskra mæðra af erlendum uppruna til íslenska leikskóla og upplifanir leikskólakennara af því, hvernig þeir upplifa að starfa með börnum af erlendum uppruna í fjölmenningslegum leikskóla. Það er mikilvægt að huga að samstarfi foreldra af erlendum uppruna og leikskólakennara, til þess að varpa ljósi á hvaða kostir eru fyrir hendi og hvaða hindrarnir eru í veginum fyrir góðu foreldrasamstarfi.

Ísland er í dag að verða fjölbreyttara samfélag að því leitinu, að fleiri einstaklingar af erlendum uppruna setjast hér að og stunda nám og vinnu hérlendis.

Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað í íslenskum skólum undarfarin ár og í desember 2012 voru 2.062 leikskólabörn með erlent tungumál sem sitt fyrsta mál, en það eru 10,5% leikskólabarna. Algengasta erlenda móðurmálið er pólska, en 783 leikskólabörn hafa pólsku að móðurmáli (Hagstofa Íslands, 2013).

Börn af erlendum uppruna, sem hefja leikskólagöngu, hafa mismunandi bakgrunn. Mikilvægt er að barnið geti gert sig skiljanlegt í þessu nýja umhverfi.

Samkvæmt Hagstofu Íslands búa um 22.690 erlendir ríkisborgarar á Íslandi. Í Ísafjarðarbæ búa um 370 einstaklingar af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, 2013).

Ég tek Ísafjarðarbæ fyrir í ritgerð minni af því að ég bý þar og starfa. Mig langaði að taka viðtöl við foreldra barna af erlendum uppruna og taka einnig viðtöl við leikskólakennara, til að fá viðhorf þeirra til þess, hvernig tekið er á móti börnum af erlendum uppruna í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Ég vildi líka kanna, hvernig samstarfinu er háttað á milli heimila þeirra og leikskólanna.

Ég ákvað þess vegna að skoða væntingar þriggja pólskra mæðra til þátttöku barna þeirra í leikskólastarfinu og hlutverki leikskólakennara þar, sem og upplifun þriggja leikskólakennara á því sama. Flestir foreldrar hafa mismunandi skoðanir á því hvað henti börnum þeirra og hvaða þjónustu þau þurfa. Oft vita foreldrar ekki, hvaða þjónusta er í boði. Ég valdi að athuga væntingar pólskra mæðra, af því ég er líka pólsk og mig langaði til að fá að vita meira um leikskólagöngu pólskra barna og móttöku þeirra í

skólunum. Einnig vildi ég kynnast viðhorfum leikskólakennara til leikskólamenntunar barna af erlendum uppruna. Það að ég sé frá sama upprunalandi og mæðurnar hefur engin áhrif á túlkun á niðurstöðunum. Það skiptir fyrst og fremst máli, hvernig tekið er á móti börnunum, sama frá hvaða landi þau koma.

Sylva og Siraj-Blatchford (1995) rannsökuðu menntun leikskólabarna í fjórum löndum á vegum UNESCO. Þær skoðuðu meðal annars tengsl heimila og skóla og bentu á, að allar fjölskyldur búa yfir styrk og auðlegð, sem mikilvægt er að leikskólinn nýti sér. Mikilvægt er, að þeirra mati, að kanna hvaða atriði mæður af erlendum uppruna telja mikilvægt að séu höfð í heiðri í leikskólum barna þeirra og skoða viðhorf leikskólakennara til þess, hvernig þeir vinna að því að bræða saman menningarheima.

Ég athugaði ástæður þriggja pólskra mæðra fyrir því, að setja börn þeirra í leikskóla og hvaða væntingar þær höfðu til menntunar þeirra þar. Jafnframt leitaði ég eftir sjónarmiðum þriggja leikskólakennara um það, hvernig þeir telji sig taka á móti börnum af erlendum uppruna. Síðan fléttaði ég niðurstöðurnar úr viðtölunum við þessa sex einstaklinga saman við fræðilega umfjöllun um málefnið.

Þetta er meðal annars mikilvægt vegna þess, að í rannsókn sem Hanna Ragnarsdóttir gerði árið 2002, um markvisst leikskólastarf í fjölmennningarlegu samfélagi, var í langflestum tilfellum ekkert sérstaklega unnið að móttöku erlendra foreldra, þó einhverjir skólar hefðu móttökuáætlun. Tekið var eins á móti erlendum foreldrum og þeim íslensku og ekki litið á slíka móttöku mismunandi augum (2002).

1.1 Tilgangur rannsóknarinnar

Börnum af erlendum uppruna hefur fjölgað í íslenskum skólum undarfarin ár og í desember 2012 voru 2.062 börn með erlent tungumál, sem eru 10,5% leikskólabarna. Algengasta erlenda móðurmálið er pólska, þar sem 783 börn hafa pólsku að móðurmáli (Hagstofa Íslands, 2013). Það vekur upp spurningar um hvernig samstarf pólskra foreldra og íslenskra leikskólakennara gengur fyrir sig.

Sjónarmið erlendra mæðra og kennara eru mikilvæg vegna þess, að þau geta varpað ljósi á mismunandi væntingar kennara og foreldra, sem gagnast í foreldrasamskiptum.

1.2 Markmið rannsókna

Markmiðið var að kanna væntingar þriggja pólska mæðra í Ísafjarðarbæ til leikskólagöngu barna sinna og að kanna hvernig þeir leikskólakennarar í Ísafjarðarbæ telja sig koma til móts við börn af erlendum uppruna. Einnig að bera saman væntingar mæðranna og lýsingar leikskólakennaranna á því hvernig þeir taka á móti og vinna með börn af erlendum uppruna, finna hvað er sameiginlegt í væntingum mæðranna og aðgerðum leikskólakennaranna og hvað greinir á milli þeirra. Síðan verða niðurstöðurnar notaðar til að finna lausnir sem byggja á kenningum um fjölmennningarlegt skólstarf.

1.3 Rannsóknarspurningar

Meginspurningar rannsóknarinnar eru:

„Hverjar eru væntingar þriggja pólskra mæðra til leikskólagöngu barna sinna?“ og „Hvernig upplifa þeir leikskólakennarar hlutverk sitt og aðferðir við að vinna í fjölmennningarlegum leikskóla og með börn af erlendum uppruna?“.

Til að leita svara þeirri spurningu er jafnframt stuðst við tvær undirspurningar við gagnaöflun, en þær eru:

1.Hvernig fara væntingar mæðranna og hlutverk og aðferðir leikskólakennaranna saman?

2.Hvað greinir að væntingar mæðranna og hlutverk og aðferðir kennaranna?

Við gagnaöflunina voru þessar spurningar hafðar að leiðarljósi. Tilgangurinn með þeim var að þrengja rannsóknarefnið og fá skýrari svör.

1.4 Uppbygging ritgerðarinnar

Rannsóknarritgerðin skiptist í sex kafla. Fyrsti kafli heitir *Inngangur* og er þar fjallað um tilgang verkefnisins, rannsóknarspurningin kynnt og sagt stuttlega frá uppbyggingu verkefnisins.

Annar kafli nefnist *Fræðileg umfjöllun* en þar er gerð grein fyrir lögum og reglugerðum um menntun barna, réttindi allra barna til skólagöngu og fjallað um samstarf heimilis og leikskóla. Þá er líka fjallað um væntingar foreldra af erlendum uppruna til leikskóla og hlutverk leikskólans. Að lokum er fjallað um fjölmenningu í leikskólum.

Í kafla þrjú sem heiti *Rannsóknaraðferð*, er sagt frá aðferðunum sem beitt er í rannsókninni, fjallað um þátttakendur og einnig sagt frá

viðtölunum við foreldrana og leikskólakennarana og um gagnagreininguna. Þar er líka talað um réttmætti og áreiðanleika.

Í fjórða kaflanum sem nefnist *Niðurstöður*, eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og hver undirkafli er kynntur með tilliti til þeirra þemu sem sett voru við greiningu viðtalanna.

Fimmti kaflinn heitir *Umræða*, en í honum eru niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og þær tengdar fræðilegu samhengi en síðasti, sjötti kaflinn heitir *Lokaorð* og í honum er nokkur orð um ritgerðinna sem heild, hvað ég hef lært og hvað þarf rannsaka betur í því máli.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Í eftirfarandi kafla geri ég fyrst grein fyrir réttindum barna til menntunar. Síðan fjalla ég um samstarf heimila og leikskóla og viðhorf foreldra. Næst er sagt frá hlutverki leikskóla og leikskólakennara og einnig hvaða aðferðir er notaðar til að auðvelda leikskólagöngu barna af erlendum uppruna. Að lokum er sagt frá fjölmenningu í leikskóla.

2.1 Réttindi barna. Lög og reglugerðir

Broström (2003) telur að fyrstu upplifanir barns af leikskólanum þurfi að einkennast af trausti og öryggi; trausti á því, að brugðist sé við þörfum þess. Út frá því byggir barnið framhaldið, mótar sjálfsmynd sína og skapar önnur tengsl.

Menntun barns í leikskóla á að beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika, andlega og líkamlega getu, virðingu fyrir foreldrum, menningarlegri arfleið, tungu, gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1992).

Lög um leikskóla voru sett árið 2008 og þar kemur fram, að skólar skuli stuðla að góðu og öflugum samstarfi við foreldra og að kennurum beri að vinna með foreldrum að námi og þroska barna. Einnig leggja löggin skólum þá skyldu á herðar, að notast við túlka þegar um erlenda, eða heyrnarskerta foreldra er að ræða (Lög um leikskóla, nr. 90/2008).

2.2 Samstarf heimila og leikskóla

Samstarf leikskóla og heimila er mjög mikilvægt fyrir uppeldi og nám barna. Foreldrar eru mikilvægir í starfi leikskólanna, en þeir eru innbyrðis ólíkir, hafa ólíkar þarfir, ólíkar óskir og það þarf að finna leið til að ná til allra foreldra.

Foreldrar eru sérfræðingar í sínum börnum og bera frumábyrgð á menntun og uppeldi þeirra. Leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi, sem börn fá á heimilum sínum. Til að börnunum líði sem best er mikilvægt, að upplýsingar um breytingar í lífi barnanna berist til leikskólans.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) stendur, að við upphaf leikskólagöngunnar er lögð áhersla á samstarf á milli foreldra og leikskóla og að starfsfólki beri að leitast við að ná til foreldra allra barna.

Rannsóknir sýna, að leikskólinn þarf að fá fram viðhorf og væntingar foreldra og leikskólinn verður að kynna hugmyndafræði og markmið leikskólans fyrir foreldrum. Foreldrar verða að vera virkir í samstarfi heimilis og leikskóla og samstarfið verður að vera á jafnréttisgrunni, svo að barnið, sem er mikilvægast, verði öruggt og ánægt. Leikskólinn verður veita foreldrum allar upplýsingar um barnið, t.d. hvernig dagurinn var, hvernig það svaf og borðaði en foreldrar verða líka að segja starfsfólki leikskólans, ef eitthvað breytist í heimili barnsins.

Niðurstöður úr rannsókn Bryndísar Garðarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2007) sýna, að kennarar nefna helst daglegt spjall, foreldraviðtöl, almennar upplýsingar um starfið og kynningar og foreldrafundi sem leiðir í samstarfi við foreldra. Það sem helst var rætt um við foreldra var líðan barns þeirra, almennt um dagskrá og starf leikskólans, nám og þroska barnsins, aðbúnað og hegðun. Þar kemur einnig fram að kennarar telja þátttöku foreldra í skólastarfinu helst vera sýnilega við uppákomur í leikskólanum, í foreldrafélögum og -ráðum, þegar þeir láta í ljósi skoðanir á skólastarfinu og við mætingu á fundi og kynningar. Lítið var hins vegar um að foreldrar tækju beinan þátt í starfi á deild (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Rennie (1996) segir að þátttaka foreldra í skólastarfi efli sjálfstraust foreldranna, hvetur nemendur og skilar sér í bættum námsárangri þeirra. Mjög mikilvægt er, að þegar barn byrjar í leikskóla, sé strax í upphafi byggt traust milli barna, foreldra og leikskólans.

Það þarf að laga starf leikskólans að breyttum tímum og samræma það þörfum og væntingum nútímasamfélags. Epstein (2006) sýnir fram á, að góð samvinna þolir spurningar, árekstra, umræður og ólíkar skoðanir, býður upp á ferli til að leyasa vandamál og stendur styrkari eftir en áður.

Það kom skýrt fram í grein Rebeccu S. New (1999) hversu mikilvægt hlutverk foreldra er í námi leikskólabarna á Ítalíu. Foreldrar eru virkir þátttakendur í námi barnanna, þeir hafa áhrif á nám þeirra og námskrá. Einnig eru samskipti og samvinna milli kennara og foreldra mikilvæg í leikskólanum. Foreldrar taka þessa þátttöku í leikskólastarfinu mjög persónulega. Til að uppeldi skili sem bestum árangri þurfa foreldrar og starfsfólk ræða saman um aðferðir og leiðir í uppeldi.

Í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur (2007), benda niðurstöður til skorts á upplýsingum milli heimila og skóla. Samskiptum og skilningi er víða

ábotavant og því myndast rof milli skólanna og heimilanna. Svo virðist sem skólanir reikni með einhliða aðlögun, sem þýðir að fjölskyldur aðlagist skólunum á sem skemmstum tíma og foredrar hafa í raun litið um þetta fyrirkomulag að segja, en gera það sem krafist er af þeim. Þeir trúá að þeir séu að gera rétt og það sem börnunum er fyrir bestu.

2.3 Viðhorf foreldra

Guðrún Pétursdóttir (2003) segir leikskólakennara telja, að stundum sé erfitt að virkja erlenda foreldra til þátttöku og samstarfs, ásamt því að upplifa þá óörugga í samskiptum. Þannig beri stundum á þeim misskilningi að óöryggið er túlkað sem áhugaleysi.

Hjá Jean Konzal kemur fram, að börn þeirra foreldra sem eru virkir þátttakendur í leikskólastarfinu, gangi betur í leikskólanum. Börn sem eru í leikskóla, þar sem foreldrar deila sameiginlegum gildum og skoðunum með leikskólakennurum og foreldrum annarra barna barna í leikskólanum, eru einnig talin líklegri til að fagna velgengni. Í rannsókn sem Konzal gerði á leiðum til að skapa samfélag náms, komst hún að þeirri niðurstöðu, að þeir foreldrar sem eru í góðum tengslum við leikskólann, eru líklegri til þess að skilja og styðja það sem fer fram í leikskólanum. En til þess verður bæði tími og áhugi að vera til staðar (Kozal, 2000).

Það kemur einnig fram hjá Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur og Elsu Sigríði Jónsdóttur (2004), að margir foreldrar í slíkri stöðu vita einnig, að íslenskan þeirra verður seint jafn góð og barnanna þeirra og að þau geta ekki notað hana til samskipta við börnin. Tungumálaerfiðleikar geta þannig birst í samskiptum foreldra og barna um skólastarfið, því börnin þekkja aðeins íslensk orð og hugtök yfir það sem gerist í skólanum og geta því ekki miðlað því til foreldranna. Þar af leiðandi eiga foreldrarnir erfiðara með að fylgjast með og skilja þennan mikilvæga þátt í lífi barnanna.

Í rannsókn sem gerð var af Þórunni Erlu Einarsdóttur árið 2006 kemur fram, að foreldrar gegni mikilvægu hlutverki í leikskólagöngu barna sinna, en foreldrar tvítýngdra barna þurfi oft annars konar nálgun í foreldrasamstarfi. Í þeirri rannsókn var könnuð líðan íslenskra foreldra, sem setja börn sín í leikskóla á erlendri grund, en líklegt má telja að niðurstöðurnar megi heimfæra á foreldra sem koma erlendis frá og setja sín börn í íslenska leikskóla (Ragna Lára Jakobsdóttir, 2007).

Rannsóknir sýna líka, að góður grunnur í móðurmáli, er lykilatriði í sambandi við tileinkun annars máls og að íslenskukunátta er forsenda fyrir velgengni í námi í íslenskum skólum (Birna Arnbjörnsdóttir, 1998).

2.4 Hlutverk leikskólans og leikskólakennara

Í rannsókn sem Liu, Young og Farmer (2000) gerðu í tengslum við væntingar foreldra til leikskólans og hvaða hlutverki hann ætti að gegna í menntun barna þeirra, komust þau að þeirri niðurstöðu, að foreldrar vilja, að leikskólinn sé staður þar sem barnið fær menntun, læri að taka til, temja sér góðar matar-, hvíldar- og salernisvenjur og viti hvenær það eigi að leika sér.

Foreldrar segja það mikilvægt, að leikskólakennari þurfi að vera hæfur til þess að geta kennt barninu öll ofangreind atriði og jafnframt að leikskólakennarinn sé kona. Foreldrum finnst einnig áriðandi, að farið sé eftir þörfum þeirra, ekki síður en þörfum barnsins og þau telja nauðsynlegt að stjórnvöld sjái metnað sinn í að auka menntun leikskólakennara.

Í rannsókn sem Leslie, Etersson og Cumsille (2000) gerðu á vali foreldra á leikskólum, komust þeir að því, að ástæður foreldra voru mismunandi m.a. eftir kyni. Kvæntir feður leggja áherslu á ytri þætti, eins og kostnað og opnunartíma, en giftar mæður með góðan menntun leggja áherslu á innri þætti, eins og færni leikskólakennara og þætti sem hafa með samskipti við börnin að gera. Það kom þó í ljós, að foreldrar velja leikskólann saman.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) segir um hlutverk leikskólakennara:

Leikskólakennari á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans.

Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess, að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar.

Þar stendur líka, að:

Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu.

Í lögum um leikskóla (2008) er fjallað um markmið leikskólastarfs í 2. gr. laganna. Þar stendur að:

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi, þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

2.5 Aðferðir til að auðvelda leikskólagöngu

Það sem er hægt að nota til að auðvelda samskipti milli barna af erlendum uppruna og annarra barna, er að kynna fyrir hinum börnum, hvaðan barnið kemur, hvernig þar er, lesa bók á móðurmáli barnanna, eða kenna börnunum nokkur orð á móðurmáli barna af erlendum uppruna.

2.5.1 Lykilpersóna

Mjög mikilvægt er, að hafa „lykil-persónu“ sem verður tengiliður milli heimilis og leikskóla (Nutbrown, 2006). Það er gott fyrir börnin og foreldrana.

Lykilpersónan tekur alltaf á móti barninu á morgnana, er með því allan daginn (hópavinna, matur, slökun, leikur) og hefur samskipti við foreldra. Þetta byggir upp traust milli barna, foreldra og leikskóla og hefur góð áhrif á þroska og nám barnanna.

2.5.2 Samvinnunám

Aðrar hentugar kennsluáðferðir af sama tillefni er samvinnunám, þar sem börn vinna saman í hópum sem eru nógu litlir, svo allir geti tekið þátt í sameiginlegu verkefni, sem hefur verið skýrt skilgreint (Kemple, 2004).

Góð dæmi eru að lesa bók fyrir börnin, spyrja nokkurra spurninga um atriði úr bókinni og hafa svo umræðutíma. Kennarinn verður að passa, að allir taki þátt í þessu. Sérstaklega börn af erlendum uppruna, sem eiga erfitt með að komast að og að tjá sig. Það gæti verið gott, að kennarinn beindi fyrstu spurningunni til þeirra barna og leyfði þeim að byrja umræðuna.

2.5.3 Leikur

Í gegnum leiki eru margir möguleikar til að efla tungumálakunáttuna. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem vakna í leiknum, spyrja út úr og að vera góður hlustandi. Það þarf að sjá til þess, að barnið fái tækifæri til að tjá sig og vera vakandi fyrir óyrtum samskiptatilraunum þess. Nota opnar spurningar og forðast að nota spurningar sem krefjast eingöngu já eða nei svars. Í samræðum er líka mikilvægt að endurtaka það sem barnið segir og tala um það sem verið er að gera. Kennarinn þarf að vera skýrmæltur og ýkja þau orð sem barnið segir vitlaust í endurtekningu (Allen og Schwartz, 2001 og Widerstorm, 2005).

Fræðimenn hafa ólíkar skoðanir á því, hvernig eigi að útskýra, hvað leikur sé. Leikur barna getur verið í ýmsu formi, svo sem hlutverkaleikir, byggingaleikir og ærslaleikir, en allir eru þeir birtingarmynd tjáningar og þroska barna. Í grein Lillemyr (2009) kemur fram, að leikur sé mjög mikilvægur vegna þess, hversu mikil áhrif hann hefur á félagsþroska barnanna.

Vygotsky skoðaði félagsleg samskipti. Hann kom með hugtakið „zone of proximal development“ (ZPD), sem er svæði mögulegs þroska og vísar til þess, hvernig þroski og skilningur barna vex í félagslegum samskiptum (Vygotsky, 1978). Félagslegt umhverfi meðal barna er yfirleitt skapað með leik. Hann komst að því, að leikurinn er ekki ríkjandi athöfn á meðan á leiknum stendur á forskólaaldri, en er leiðandi í þroska barna. Leikur, aðallega ímyndaður leikur, er aðal þroskatækið fyrir andlega þróun af mörgum ástæðum. Er leikurinn þróast, þróar barnið með sér meðvitaðan tilgang (Frost, 2005).

Í íslenskum leikskólum hefur leikurinn ávallt verið hafður i forgrunni og menntun barnanna ýmist farið fram í fullorðinsstýrðum stundum eins og hópastarfi og í valstundum þar sem börnin ráða ferðinni (Elva Önundardóttir o.fl., 2006; Jóhanna Einarsdóttir og Kristin Karlsdóttir, 2005).

2.6 Fjölmennning i leikskólum

Á undanförunum árum hefur stöðugt meira verið fjallað um fjölmenningu og hvernig þróun hennar hefur verið í heiminum, hvernig hún birtist í leikskólum á Íslandi og hvernig menningarläsi barna í leikskólum á Íslandi kemur fram í starfinu þar.

Kafli tvö í *Understanding Cultural Diversity in the Early Years*, eftir Peter Baldock, fjallar um það, hvernig fordómar í heiminum hafa minnkað vegna meiri þekkingar, þó þeir hafi svo sannarlega ekki horfið. Einnig ræðir hann

um, að þó margir segist vera fylgjandi fjölmenningu, þá setur fólk samt sem áður skilyrði eins og að þá verði fólk að tileinka sér menningu þess lands sem það flytur til og skilja sína menningu eftir heima.

Auðvitað þurfum við að vera opin og móttækileg fyrir fólki frá öðrum þjóðum og fjölmenningu getur verið skemmtileg. Við erum oft að velta fyrir okkur, hvort þeir sem flytja hingað til lands séu eingöngu komnir hingað til að vinna og fara svo aftur til síns heimalands? Íslendingar gera miklar kröfur um að útlendingar læri íslensku ef þeir eru búsettir á Íslandi.

Leikskólakennarar verða að passa sig á því að ræða við foreldra um hver staða þeirra sé. Sumir eru bara komnir til að vinna í ákveðin tíma, þó svo að þeir hafi flutt með börnin með sér, og þá vilja þeir ekki hafa fyrir því að læra tungumálið. Aðrir eru hins vegar mjög opnir fyrir því að reyna að læra, en hvort sem valið er, þá felst okkar starf ekki í að beita þá þrýstingi.

Peter Baldock bendir á, að þeir sem vinna með ungum börnum hafi grætt á hugmyndum útlendinga eins og Fröbel, Montessori og Malaguzzi (bls. 18). En væru leikskólar hér á landi svona þróaðir, ef við hefðum ekki fengið hugmyndir og innsýn frá öðrum löndum?

Í kafla þrjú í sömu bók er fjallað um fjölmenningu í nokkrum löndum og sagt frá því, að þó svo að fjölmenningu geti verið vandamál vegna margbreytilegrar menningar, þá er líka hægt að líta á hana sem tækifæri (bls. 34). Siðir eru ólíkir eftir löndum. Það sem er kurteisi í einu landi getur verið mesti dónaskapur í öðru og því getur þekkingarleysi oft leitt til misskilnings.

Starf leikskólakennara er ekki að dæma foreldra heldur að kynnast þeim og menningu þeirra svo barninu líði sem best í leikskólanum og að hann geti hjálpað barninu að aðlagast íslenskri leikskólamenningu, svo það falli vel inn í barnahópinn.

Í þessum kafla er einnig rætt um, að þegar okkur finnst manneskja vera öðruvísi, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, að fyrir henni erum við líka öðruvísi. Þess vegna verður maður að skoða sjálfan sig út frá eigin menningu og eiginleikum, áður en maður getur skilið og kynnst öðrum menningarheimum.

Það þarf að taka vel eftir þessu í kaflanum og þetta er eitthvað sem að margir gera sér ekki grein fyrir. Leikskólakennarar verða að bera virðingu fyrir nýjum foreldrum, þó svo þeim finnst þeir verða öðruvísi, því allt í lífi þeirra hér, er mjög líklega öðruvísi en þeir eru vanir.

Margir eru sammála um það, að þarf að forðast að fordæma heila þjóð út frá nokkrum einstaklingum, eins og að allir múslimar séu álitnir

hryðjuverkamenn. Þetta er sjónarmið sem hefur komið sterkt fram hjá Vesturlandþjóðum á síðustu árum, sérstaklega eftir 11. september 2001.

Í greininni *Menningarlæsi ungra barna*, eftir Þórdísi Þórðardóttur (2007), er fjallað um fjölmenningu í leikskólum og hversu miklu máli það skiptir, að börnin búi yfir menningarlæsi til að geta tekið þátt í umræðum í leikskólanum. Einnig er rætt um að sú þekking, sem börn koma með að heiman inn í skólana, skapi þeim ákveðinn sess í hópnum.

Við erum sammála því, að nauðsynlegt sé að kenna fjölbreyttar bókmenntir í leikskólum. Börn sem eru vel lesin eru vinsælli en hin. Þetta er misrétti sem maður vill ekki hafa en er samt sem áður til staðar. Leikskólakennarar verða að reyna að draga úr misréttinu með því að bjóða upp á fjölbreyttar bókmenntir, svo allir geti einhvern tímann fundið sig í sögunum. Hægt er að finna sögur frá misjöfnum löndum.

Foreldrasamstarf kemur hér sterkt inn, þar sem foreldrarnir geta hjálpað til og komið með sögur frá sínum menningarheimi. Það eru einnig alltof fáar bækur til staðar, þar sem öll börnin geta fundið sig í. Í mjög mörgum íslenskum bókum eru flestar sögupersónurnar t.d. hvítar.

Menningarnám ungra barna fer fram bæði inni á heimilum og í leikskólanum. Það skiptir miklu máli, að börnin komi vel undirbúin að heiman. Þá gengur þeim betur að komast inn í leikskólamenninguna. Þegar talað er um, að börnin séu vel undirbúin, þá er átt við, að það skiptir geysilega miklu máli, að það sé lesið fyrir börnin bæði heima og í leikskólanum. Þau börn sem er lesið mikið fyrir heimavið, eiga auðveldara með að skilja það sem fram fer í leikskólanum.

Fyrir leikskólakennarana er nauðsynlegt að hafa skilning á bakgrunni barnsins og reyna svo að útskýra fyrir því, að svona gerum við ekki á Íslandi, ef hegðun barnsins samræmist ekki íslenskum hugmyndum, eða reglum.

Hanna Ragnarsdóttir (2002) ræðir um, að það sé mikilvægt að leikskólinn „komi til móts við og virði menningu, trúarbrögð og uppruna barna og foreldra þeirra“. Það skiptir miklu máli að kennarar séu meðvitaðir um bakgrunn nemandans, hvaðan hann kemur og hver menning hans er, því þá eiga þeir auðveldara með að setja sig í spor hans.

Leikskólakennarar vilja, að jöfnuður og sátt ríki í leikskólum þeirra. Stundum hamlar kynþátta- og kynjablinda þó jafnréttinu, vegna þess misskilnings, að allir séu eins, eða að það eigi að koma eins fram við alla, í stað þess að líta svo á, að jöfnuður feli í sér virðingu fyrir margbreytileika og að hver og einn einstaklingur eigi rétt á að njóta sérkenna sinna hvort sem

þau felast í kyni, þjóðerni, menningu eða einhverju öðru (Þórdís Þórðardóttir, 2007).

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir gerðu eina fyrstu íslensku rannsóknina í fjölmenningsfræðum innan leikskóla á árunum 2001–2004. Þó rannsóknin snúi aðallega að móttöku barnanna og kennsluháttum eru aðrir þættir einnig skoðaðir. Þar eru tekin viðtöl við starfsfólk leikskólans og foreldra og því birtast viðhorf þeirra í niðurstöðum rannsóknarinnar. Í viðtölum við starfsfólk leikskóla kom meðal annars fram, að aukin samskipti við erlendu foreldrana hafi sýnt fram að þeir, foreldrarnir, eru ólíkir einstaklingar hver öðrum og að það þurfi ekki mikið að leggja á sig, til að eiga góð samskipti. Það gleðji líka kennarana að eiga í meiri og betri samskiptum við erlenda foreldra. Í viðtölum við erlendu foreldrana kom fram, að foreldrarnir treysta leikskólanum. Þeir nefndu líka að það sé þægilegt að fara inn á heimasíðu leikskólans og fá þar allar mikilvægar upplýsingar, eins og t.d. „hvað börnin voru að gera yfir daginn.

Erlendar rannsóknir sýna einnig, að börn af erlendum uppruna njóta góðs af leikskólagöngu, vegna þess að þau eru svo fjölbreytt. Niðurstöður benda líka til þess, að leikskólinn er meira til góðs fyrir börn mæðra sem tala annað tungumál heima, vegna þess að þessi börn hafa meira tækifæri til að læra tungumálið í leikskólanum (Magnuson og fl., 2006). Það eru vaxandi vísbendingar um að leikskólaganga auki tungumálakunnáttu og bæti námshæfileika barna af erlendum uppruna til lengri tíma. Sérstaklega kemur fram, að þessir kostir geta verið mjög áberandi meðal barna innflytjenda (Miller og fl., 2013).

Rannsóknir hafa líka sýnt, að misrétti og mismunun hafa áhrif á þroska barna af erlendum uppruna. Það kom t.d. í ljós, að stærðfræðikunnátta, geðheilsa, og mannleg samskipti þessara barna voru oft á lægri stigum í slíkum skólum (Crosnoe, 2005). Þá þarf að hafa í huga, að börn af erlendum uppruna, sem eru að byrja leikskólagöngu, þurfa hjálp við að komast inn í barnahópinn. Leikskólakennararnir verða því að passa, að öll börnin séu jafnt staddir í barnahópnum og að engin sé skilinn útundan.

Hugmyndir Paley (1993) byggja á því, að koma í veg fyrir útilokun ákveðinna barna frá leik. Verið er að líta til þess, að öll börn séu þátttakendur í leikjum. Settar eru reglur um, að það megi ekki segja: „Þú mátt ekki vera með“. Börn þurfa að fá tækifæri til þátttöku, ekki bara námslega séð, heldur líka félagslega séð. Kennarar sem huga að fjölbreytileikanum í starfi og eru með skóla án aðgreiningar í fyrirrúmi, þurfa að sjá til þess, að börnin læri hvernig ólíkir einstaklingar eru í samfélagi leikskóla. Í gegnum leik er hægt að sjá til þess að öll börn séu fullgildir

þátttakendur í starfinu og að börnin kynnist hverju öðru betur og styrki vinnáttuböndin.

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er fjallað um lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi og að börn þurfi að finna, að þau eru hluti af hópi. Þar kemur líka fram, að börnin eigi að finna lausnir og skiptast á skoðunum með því að hafa samskipti við önnur börn og starfsfólk.

Niðurstöður rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttir (2007) á stöðu innflytjendabarna á Íslandi sýna, að oft skorti þekkingu og skipulag í skólum til að mæta fjölmenningslegum veruleika og koma til móts við þarfir barnanna. Skilningur og þekking flestra kennara á bakgrunni barnanna er af skornum skammti og misjafnt hvernig þeim er mætt. Ekki er farið eftir skólastefnu eða heildarsýn, heldur ræðst þetta af reynslu og þekkingu einstakra kennara.

Hér á eftir verður greint frá rannsóknarsniði sem notað var í rannsókninni um væntingar mæðra til leikskóla og viðhorf leikskólakennara til menntun barna af erlendum uppruna, sagt verður um öflun gagna og hvaða aðferðir voru notaðar til þess og um geiningu gagna og á endanum um réttmætti og áreiðaleiki.

3 Rannsóknaraðferð

Í eftirfarandi kafla verður gerð grein fyrir framkvæmd rannsóknarinnar og þeim aðferðum sem notaðar voru við gagnaöflunina. Rannsóknarspurningarnar eru kynntar og gerð ítarleg grein fyrir þeim. Sagt verður frá þátttakendum sem tóku þátt í rannsókninni. Síðan verður gerð grein fyrir réttmæti og áreiðaleika og frá greiningu gagna.

3.1 Rannsóknarsnið

Í rannsókninni var leitast við að fá svar við rannsóknarspurningum: „Hverjar eru væntingar þriggja pólskra mæðra til leikskólagöngu barna sinna?“ og „Hvernig upplifa þeir leikskólakennarar hlutverk sitt og aðferðir við að vinna í fjölmenningarlegum leikskóla og með börn af erlendum uppruna?“.

Rannsóknaraðferðirnar sem notaðar voru í rannsókninni eru eigindlegar. Eigindlegar rannsóknir (qualitative) byggja á því, að hver og einn eigi sinn veruleika, að hann sé byggður á skynjun hvers og eins. Hér er einblínt á skilning og merkingin er byggð á munnlegri frásögn og athugun, heldur en tölum. Eigindlegar rannsóknir eru framkvæmdar í náttúrulegu umhverfi, ólíkt megindelegum rannsóknnum, þar sem aðstæðum er stjórnað og hagrætt. Í eigindlegum rannsóknnum er mismunandi tilgangur tengdur við sérstakar spurningar, aðferðir við söfnun gagna og greiningu. Í flestum eigindlegum rannsóknnum er gengið út frá því, að þekking sé sameiginlegur skilningur, sem þróast hefur í samskiptum fólks. Eigindlegar rannsóknaraðferðir gefa rannsakendum tækifæri til að nálgast það samfélag, sem hann rannsakar frá fyrstu hendi, með því að taka þátt í lífi þáttakenda og fylgjast með því hvað þau segja og gera (Hitchcock og Hughes, 1997).

3.2 Gagnaöflun

Í eftirfarandi kafla verður gerð grein hvernig gögnum var aflað, og hvaða aðferðir voru notaðar við öflun gagna.

3.2.1 Undirbúningur

Byrjað var á því að semja spurningarammann, til að hafa meðferðis til stuðnings í viðtölunum. Næst var haft samband við þrjá pólskra foreldra og biðja þá um að taka þátt í rannsókninni sem ég er að vinna að fyrir

lokariþgerðina. Útskýrt var, að rannsóknin tengist væntingum foreldra barna af erlendum uppruna til íslenskra leikskóla og einnig var sagt frá því, að nafnleyndar væri gætt í rannsókninni.

Sama aðferð var notuð við leikskólakennarana, spurningaramminn saminn og svo haft samband við þrjá leikskólakennara og þeir beðnir um að taka þátt í rannsókn um viðhorf þeirra til fjölmenningarlegs leikskóla og menntun barna af erlendum uppruna.

3.2.2 Viðtal

Við öflun gagna voru notuð hálfopin viðtöl, þar sem notaður var sami viðtalsrammi fyrir sama hóp þátttakenda og síðan spurt ítarlega um einstök atriði.

Viðtöl í eigindlegum rannsóknum geta verið ráðandi þáttur við gagnasöfnum. Viðtölin eru ein af mikilvægustu gagnasöfnunaaðferðum í rannsóknum og fela í sér, að gögnum er safnað með beinum orðaskiptum rannsakanda og viðmælanda. Viðtölin eru notuð til að safna lýsandi gögnum með orðum viðmælandans sjálfs, svo rannsakandinn geti öðlast skilning á því, hvernig viðmælandinn útskýrir líf sitt (Bogdan og Biklen, 1992).

Ýmislegt er talið gott að hafa í huga þegar viðtöl eru undirbúin. Æskilegt er að upplýsa þáttakanda viðtalsins fyrirfram, svo hann geti undirbúið sig sem best. Einnig er mikilvægt að segja hver tilgangur viðtalsins sé og segja að öll gögn séu trúnaðarmál. Áriðandi er að hafa spurningar sem krefjast opinna svara (Bogdan og Biklen, 1992).

Í viðtölunum var notaður viðtalsrammi, einn fyrir mæður pólska barna og annar fyrir leikskólakennarana. Skýrt afmarkaður viðtalsrammi getur gert gagnagreiningu aðgengilegri. Það er því ákvörðun rannsakanda hverju sinni, hversu nákvæmlega hann vill ákvarða efnisatriði í viðtali.

3.3 Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni eru þrjár mæður pólska barna og þrír leikskólakennarar.

Ég valdi að athuga væntingar pólskra mæðra, af því ég er líka pólsk og mig langaði til að fá að vita meira um leikskólagöngu pólskra barna og móttöku þeirra í skólunum. Einnig vildi ég kynnst viðhorfum leikskólakennara til leikskólamenntunar barna af erlendum uppruna. Það að ég sé frá sama upprunalandi og mæðurnar hefur engin áhrif á túlkun á niðurstöðunum. Það skiptir fyrst og fremst máli, hvernig tekið er á móti börnunum, sama frá hvaða landi þau koma.

Það var haft samband við foreldrana símleiðis, tilgangur viðtalanna útskýrður og hvers vegna ég vildi heyra sjónarmið þeirra. Einnig var sagt frá því, að lengd viðtalsins yrði um það bil hálf til ein klukkustund og það yrði hljóðritað.

Við val á leikskólakennurunum var þess gætt, að þeir hefðu átt í samskiptum við erlendar fjölskyldur í leikskólunum, en reysla þeirra var mismikil. Það var haft samband símleiðis og sömuleiðis útskýrður fyrir þeim tilgangurinn með viðtölunum og að mig langaði að heyra frá þeim um samstarf heimila erlenda foreldra og viðkomandi leikskóla.

Allir sem tóku þátt í viðtölunum vegna rannsóknarinnar voru beðnir um munnlegt samþykki. Viðtölin við mæðurnar þrjár voru tekin heima hjá þeim og fóru fram á pólsku, en viðtölin við leikskólakennarana voru tekin á vinnustað þeirra og fóru fram á íslensku.

Til að tryggja nafnleynd við greiningu gagna og í ritgerðinni, eru notuð tilbúin nöfn á foreldrunum, börnunum og leikskólakennarunum.

Leikskólakennararnir sem tóku þátt í rannsókninni eru allir starfandi leikskólakennarar, en enginn þeirra starfar á sama leikskóla. Þeir hafa mislanga reynslu af starfi í leikskólum og hafa sinnt mismunandi störfum í gegnum tíðina. Ég tók viðtal við þessa leikskólakennara, af því þeir eru að vinna í leikskólum, þar sem mörg börn af erlendum uppruna eru, sérstaklega pólsk börn. Það þýðir, að þeir eru með reynslu og þekkingu á því umhverfi. Mig langaði að fá fram viðhorf þeirra til menntunar pólskra barna í leikskólunum og hvernig þeim er hjálpað á meðan þau eru þar. Einnig er misjafnt hvar og hvenær þeir útskrifuðust úr námi. Mæðurnar sem ég tók viðtöl við, hafa verið mislengi hér á Íslandi. Þær hafa ekki söma menntun, tala misgóða íslensku og hafa börnin ekki á sama leikskóla. Hér á eftir ég segi stuttlega frá þátttakendunum og gef þeim önnur nöfn.

3.3.1 Kynning á leikskólakennaranum

Anna er um fimmtugt. Hún útskrifaðist sem leikskólakennari árið 2006 og hefur starfað síðan sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri.

Kata er líka um fimmtugt. Hún útskrifaðist frá Fósturskóla Íslands árið 1996 og hefur starfað í leikskólum í um það bil 20 ár. Hún segist að hafa prófað allan pakkann, þ.e. hefur gegnt mörgum störfum í leikskólum, eins og sem leikskólakennari, deildarstjóri, aðstoðarleikskólastrjóri, leikskólastjóri og sérkennslustjóri.

Sólveig er rúmlega fertug og hún lauk námi úr Fósturskóla Íslands árið 1992. Hún hefur starfað í leikskólum í 22 ár. Hún hefur unnið sem leikskólakennari, deildarstjóri og leikskólastjóri.

3.3.2 Kynning á foreldrum

Krystyna er um fertugt og kom til landsins árið 2001. Hún lauk grunnskólaprófi, en kláraði aldrei stúdentspróf. Hún talar ágætis íslensku. Dóttir hennar, Anna, er fædd á Íslandi árið 2011 og byrjaði leikskólagöngu árið 2012.

Marta er rúmlega þrítug og hefur búið á Íslandi í 7 ár. Hún sótti menntaskóla, en lauk ekki stúdentsprófi. Hún talar ekki íslensku, en getur bjargað sér á ensku. Sonur hennar, Tomasz, er fæddur hér á landi árið 2009 og byrjaði leikskólagöngu árið 2011.

Julia er um þrítugt og kom til Íslands 2004. Hún er með stúdentspróf og talar góða íslensku. Sonur hennar, Adam, er fæddur á Íslandi árið 2008 og byrjaði leikskólagöngu árið 2010.

3.4 Réttmæti og áreiðanleiki

Siðferðilega er það ekki rétt að þröngva túlkun rannsakanda upp á þátttakanda. Á það sérstaklega við þegar rannsakandi sér sögu þátttakendanna í öðru ljósi. Það er hætta á því í þessari rannsókn, af því að rannsakandinn er hvoru tveggja: Annars vegar leikskólakennari og hins vegar erlent foreldri sem á barn af erlendum uppruna. Hættan er einnig fyrir hendi þegar sjálfsskilningur viðmælanda er ólíkur þeirri mynd, sem rannsakandinn hefur af honum. Að jafnaði hafa þátttakendur ekki óskað eftir viðtali heldur orðið við beiðni rannsakanda um þátttöku í rannsókn (Kvale, 1996).

Réttmæti snýst um það, hvort niðurstöður rannsóknarinnar séu í samræmi við rannsóknarspurninguna (Hitchcock og Hughes, 1997).

Til að tryggja réttmæli þarf að nota fleiri en eina rannsóknaraðferð, sem var erfitt að gera í þessari rannsókn, af því að rannsakandinn var bara að taka viðtöl við söfnun gagna. Varðandi áreiðanleika, þá hefur rannsakandi ekki áhrif á þátttakendurna, en getur aftur á móti haft áhrif á túlkun gagna.

Ef rannsókn hefur mikinn áreiðanleika, þá er lítið um villur í henni. Aftur á móti, ef rannsóknin hefur lítinn áreiðanleika, þá er mikið um villur.

Áreiðaleiki fjallar um þau áhrif sem rannsakandinn hefur á vettvanginn, aðferðirnar sem hann notar og þær aðstæður sem eru á vettvangi (Hitchcock og Hughes, 1997).

Til að tryggja réttmætti og áreðanleika vitnaði rannskandinn til alla þátttakenda við greiningu gagna og í niðurstöðum rannsóknarinnar.

3.5 Greining gagna

Þegar gagnaöflun var lokið, þá voru öll viðtölin afrituð nákvæmlega í tölvu og þau greind í þemu sem tengjast spurningunum. Viðtölin voru greind nánar út frá þemunum og verður sagt frá greiningunni í niðurstöðunum.

Rannsakandinn var með mikið af gögnum og þurfti að flokka þau niður og leita að mynstri; finna út hvað hægt væri að læra af gögnunum og hvernig hægt væri að nota þau til að fá einhverja merkingu.

Það er hægt að skipta greiningu gagna í tvennt:

-Samhliða gagnaöflun: Byrjað að greina gögnin um leið og þeim er safnað. Þessi aðferð er oft kölluð sífelld samanburðaraðferð. Greiningu gagna er þá lokið um leið og gagnasöfnun lýkur.

-Eftir að gagnasöfnun lýkur: Safna gögnunum fyrst og greina þau svo.

Oft eru báðar aðferðir notaðar í einni og sömu rannsókninni. Ef byrjað er að greina gögnin um leið verður rannsóknin markvissari og rannsóknaráætlunin endurskoðuð um leið og unnið er.

Viðtalsgreining getur farið fram hvenær sem er eftir að gagnanna hefur verið aflað. Þess vegna er mikilvægt að finna í þessum gögnum samhengi og markmið í öllu rannsóknarferlinu (Hitchcock og Hughes, 1997).

Greining gagna felst í að flokka svörin og þess vegna er mikilvægt að finna þessum gögnum samhengi og markmið i öllu rannsóknarferlinu (Hitchcock og Hughes, 1997).

Flokka má efni viðtalanna við pólsku mæðurnar þrjár í eftirfarandi þemu:

- Ytri aðstæður við upphaf leikskólagöngu barna þriggja pólskra mæðra.
- Fræðslan um leikskólann.
- Væntingar þeirra til leikskólanna.
- Tilfinningar (líðan þegar barnið höf leikskólagöngu).

Flokka má efni viðtalanna við leikskólakennarana þrjá í eftirfarandi þemu:

- Undirbúning í leikskólanum.
- Aðlögun barnanna.
- Aðferðir sem eru notaðar til að auðvelda leikskólagöngu.
- Umhverfi.
- Upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla.

-Væntingar foreldra til leiksskólans.

Viðtölin greindi ég síðan nánar út frá þessum þemunum og verður sagt frá greiningunni hér á eftir.

4 Niðurstöður

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um helstu niðurstöður úr viðtölum. Fyrst verður fjallað um væntingar pólskra mæðra en síðan verður sagt frá sjónarhorni leikskólakennara til menntunar barna af erlendum uppruna.

Ég valdi að draga nokkur þemu úr og skoðaði svör pólsku mæðranna í tengslum við þau. Í næsta undirkafli valdi ég nokkur þemu úr og skoðaði svör leikskólakennaranna í tengslum við þau og verður sagt frá greiningunni hér á eftir.

4.1 Viðtöl við foreldra

Hér verður fjallað um niðurstöður úr viðtölum við þrjár pólskar mæður og hverjar væntingar þeirra eru til leikskólans og leikskólakennara og hvernig þær upplifðu móttöku þeirra í leikskólanum.

Þemun fyrir pólsku mæðurnar eru eftirfarandi:

- Ytri aðstæður við upphaf leikskólagöngu barna þriggja pólskra mæðra.
- Fræðslan um leikskólann.
- Væntingar þeirra til leikskólanna.
- Tilfinningar (líðan þegar barnið hóf leikskólagöngu).
- Samantekt.

4.1.1 Ytri aðstæður við upphaf leikskólagöngu barna þriggja pólskra mæðra

Ég spurði í viðtali við mæðurnar : *Hvers vegna settuð þið barnið ykkar í leikskóla?* Svör þeirra eru eftirfarandi:

Krystyna segir:

Þarf fara aftur að vinna.

Marta segir:

Til að hann fá tækifæri til að leika við börnin, ekkert meira.

Julia segir:

Það var út af vinnu, en líka að barnið þroskast betur í leikskólanum.

Mæðurnar þrjár sem rætt var við töldu allar, að íslenskunám hefði vegið þungt í að þær settu börnin sín í leikskóla, en tvær sögðu að þær hefðu einnig þurft öruggan stað fyrir börnin, meðan þær stunduðu vinnu. Allar töldu leikskólann mikilvægan fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi og kynnst íslenskri menningu. Julia sagði t.d:

...læra samskipti við börn; hafa það betra; í leikskólanum lærir þú bara allt - tala við börnin, skrifa, mála, en þú veist, að þegar maður er að vinna, þá er lítil tími sem foreldri hefur; ég get ekki eytt eins miklum tíma og í leikskólanum; og tungumálið, það skiptir mestu máli, því hann fer í skóla.

Marta ræðir um mikilvægi þess, að sonur hennar fái tækifæri til að leika við börn á sama aldri, en líka að læra íslensku og hún segir:

...til að hann fái tækifæri til að leika við börnin og ekkert annað; en já, líka að læra íslensku; en fyrst og fremst út af því, að hann verður að fá að leika sér við börn á sama aldri.

Krystyna ræðir um að hún leggi mikla áherslu á að dóttir hennar kynnist íslenskri menningu vegna þess, að þau eru pólsk og halda pólskri menningu heima, en hún vill líka, að börnin hennar kynnist menningu vina sinna, og hún segir:

Það var vegna menntunar barnanna, vegna þess að barnið þarf að læra íslensku, því við erum pólsk og tölum pólsku heima og hún verður líka að komast inn í samfélagið og þekkja íslenska menningu.

Mæðurnar hafa allar ákveðnar væntingar til leikskólans og tala um, að mest sé um vert, að börnin læri að tala íslensku og leika sér við jafnaldrana.

4.1.2 Fræðslan um leikskólann

Mæðurnar telja sig hafa haft litlar upplýsingar um leikskólann þegar börnin þeirra hófu leikskólagöngu. Ein segist hafa rennt blint í sjóinn og ekki vitað neitt. Tvær nefna, að þær hafi fengið fræðslu, þegar þær mættu með börnin

í leikskólann í fyrsta sinn. Báðar fegnu túlk og aðgang að pólskum starfsmanni. Önnur fékk bækling sem útskýrði leikskólann fyrir henni. Hin fékk upplýsingar frá leikskólastjóranum og deildarstjóranum og nefnir, að við fyrstu heimsókn hafi verið túlkur til aðstoðar, auk þess sem henni var bæði boðin áframhaldandi túlkþjónusta og aðgengi að pólskum starfsmanni skólans.

Frásögn Juliu er gott dæmi um fræðslu sem mæðrunum var veitt. Í viðtali sagði hún að:

Fyrst var stuttur fundur um aðlögun, bara til að þreyta ekki barnið, en svo eftir þrjá mánuði var fundur með túlki og leikskólastjórinn og deildarstjórinn veittu allar upplýsingar um dagskipulagið og hvað þau eru að gera. Ég var bara vel upplýst...þau sögðu frá því að það væri pólsk kona sem ég gæti leitað til þegar ég vildi fá að vita meira um daglegt starf eða svör við spurningum...

Marta segir að mjög misjafnt sé, hvernig leikskólar miðli upplýsingum til foreldra. Þegar sonur hennar byrjaði í öðrum leikskóla, var allt annað viðmót. Þar fekk hún allar upplýsingar á fyrsta degi, bæklinga um starf leikskólans og var líka sagt, að pólskur kennari væri til staðar, sem gæti hjálpað henni eftir þörfum. Henni var einnig boðinn túlkur í foreldraviðtölum og á foreldrafundum.

Annað viðmót var, þegar hann byrjaði í einum leikskólanum. Um hann sagði hún:

Ég reyndi að tala ensku við leikskólastjóran, en þá sagði hún að hún talaði ekki eða skildi mikið í ensku. Hún bauð mér ekki túlk...Leikskólastjórinn sagði ekkert um það, að það væri pólskur kennari að vinna í leikskólanum, svo ég gæti fengið einhverja svleiðis hjálp.

Krystyna aftur á móti, sem er með barn á sama leikskóla, segir að hún hafi talað við mig fyrir löngu og fengið miklar upplýsingar um báða leikskólana í bænum. Hún bendir á, að henni var alveg sama um stefnu leikskólans. Það hafði engin áhrif um val á leikskóla, en hún vildi samt að fá fleiri upplýsingar um þá og líka um dagleg störf þar. Hún segir:

Ég vildi fá fund með leikskólastjóranum, deildarstjóranum og hópstjóranum, áður en Anna byrjaði í leikskólanum, til að fá

upplýsingar um hugmyndafræði leikskólans, reglur, námskrá. Einnig gæti ég þá fengið tækifæri til að segja frá væntingum mínum varðandi leikskólagöngu Önnu. Einhver gæti þá til dæmis hafa útskýrt fyrir mig af hverju leikskólinn væri svona, en það kom seinna.

Krystynu finnst upplýsingar skipta miklu máli, sérstaklega þegar barnið er ný byrjað í leikskólanum. Hún telur menningarlegan mun líka skipta máli og hún vildi fá að vita meira áður en barnið hennar byrjaði í leikskólanum. Hún segir ennfremur:

Það eina sem mér líkar ekki við leikskóla Önnu er það, að þegar ég kem inn þangað inn, þá finnst mér ekki að það sé leikskóli, engin leikföng, eða listarverk eftir börnin á veggjum, dimmt, kalt, brr...

Og svo segir hún líka frá atviki sem gerðist á meðan Anna var í aðlögun, sem bendir á upplýsingarskort frá kennaranum sem var með henni á aðlögunartímanum. Krystyna segir:

Þegar ég var í aðlögun með Önnu, þá fóru börnin í leik, en mér leist ekki vel á þennan leik, gamlir lykklar og flöskur sem hvert og eitt barn sleiktu, það var bara ógeðslegt.

Það útskýrði enginn fyrir henni þennan könnunarleik, sem er mikilvægur leikur hjá 1-3 ára börnum. Þegar hún fekk þessar upplýsingar hjá mér þá leit hún öðruvísi á leikinn, því hún skildi um hvað málið snérist og hvaða markmiðum er reynt að ná með leiknum.

4.1.3 Væntingar þeirra til leikskólanna

Viðmælendurnir hafa allar ákveðnar væntingar til leikskólanna. Væntingar mæðranna í öllum viðtölunum voru þær sömu, þ.e. að kennarinn verður að taka vel á móti barninu, hugsa vel um barnið, hjálpa því að komast inn í leiki, kenna því að tala íslensku og hvernig íslenskt samfélag er, því að þau búa hér á landi og börnin þeirra fara síðar í grunnskóla og verða að þekkja reglur og menningu í barnahópinum; að barnið geti að verið með en sé ekki útundan.

Julia talar um væntingar sínar til kennaranna:

Kennarinn er eins og foreldri, en kannski ekki nákvæmlega eins. Hann þarf að hrósa barninu og skamma það. Ég meina, að taka barnið afsíðis og tala um það sem það gerði rangt. Ég veit um agastefnu leikskólans, 1,2,3 og ég nota þetta líka heima.

Hún bætir við í sambandi við væntingar sínar til leikskólans og leikskólakennaranna, að hún væri svolítið hrædd um það, að það börnunum væri mismunað vegna upprunans og að kennarinn skildi ekki hvað sonur hennar vildi. Hún tekur fram að:

...Að skilja hann ekki, en hjálpa honum að komast inn í leikina, og að það væri hugsað um hann jafn vel og um íslensku börnin, en það var bara hugsun, það kom aldrei neitt upp á, sem betur fer.

Um íslenskukennsluna segir Julia, að það sé margt gert í leikskólanum til styðja börn af erlendum uppruna, sérstaklega þegar báðir foreldrarnir eru útlenskir.

Julia greinir frá því, hvernig kennarinn styður börnin í íslenskunni:

Kennararnir lesa bækur og spyrja svo spurninga, sýna myndir úr bókinni og útskýra um hvað þau eru að lesa. Adam var fljótur að læra íslensku og þarf enga auka íslenskukennslu, en það er í boði í leikskólanum, ef barnið þarf þess.

Það í bara allt rólegheitum: Kennarinn að sýndi honum til dæmis glas og spurði, hvort hann vildi drekka, eða sýndi honum alls konar myndir og sagði svo á íslensku heitin á þeim. Kennari gerði bara allt til hjálpa honum með íslenskuna.

Að lokum segir Julia að hún myndi ráðleggja öllum að senda börnin sín í leikskólann. Ekki bara vegna þess, að barnið læri íslensku, heldur þroskast börnin líka meira, læra að fara eftir reglum og vera í barnahópi. Hún segir að leikskólinn hafi oft hjálpaði henni að leysa uppeldisvandamál. En þegar ég spurði hana um menntun leikskólakennaranna þá svaði hún:

hmm...menntun skiptir kannski ekki miklu máli. Það er reynslan sem skiptir máli. Ég held ég myndi frekar treysta konu, sem hefur unnið fimm til tíu ár í leikskóla, en ekki ungri konu, sem er nýbúin að klára kennaranám. En ef ég á hugsa lengra og get

valið, þá vildi ég helst hafa konu með langa reynslu og kennaramenntun, því ég skil það vel, að nám og fræðileg kunnátta skiptir líka máli.

Krystyna bendir á, að henni finnst það skipta miklu máli, að kennari þurfi að vera góður við börnin. Hún skilur alveg, að það þarf að hafa reglur í leikskólanum, en stundum þarf kannski knús en ekki refsingu fyrir óæskilega hegðun barna. Hér bendir hún á dæmi:

Þegar ég var að klæða Önnu heima þá heyrði ég af barni sem var óþekkt við matarborðið og var sett fram á ganginn til að róa sig. Það var bara þreyttur og vildi fá mömmu sína. Þarna hjálpar það kannski frekar að hugga það en ekki skamma?

Krystyna segir líka aðspurð um menntun leikskólakennara, að það skipti máli, en ekki mestu máli að kennari sé með menntun. Kennarinn þurfi fyrst og fremst að gera allt frá hjartanu, sérstaklega varðandi yngri börnin. En hún bendir á að:

Ég hugsaði aldrei um menntun leikskólakennaranna, en auðvitað þarf kennarinn að kenna barninu mínu íslensku, menningu og hjálpa barninu aðlagast samfélaginu. Ég held að það sé ekki bara menntunin sem skipti máli til að vera góður leikskólakennari. En annað mál er með grunnskólann. Þá er formlega kennslu að ræða og þá þarf kennarinn að hafa góða menntun.

Marta bendir á jafnrétti og vonast til þess að kennarinn hugsi jafn vel um barnið hennar og það íslenska. Það var t.d. eitt atvik sem átti sér stað í leikskólanum, þegar Tomasz var að rífast um hjól við annan strák, íslenskan. Þá kom kennarinn og lét íslenska strákinn fá hjólið. Hún sagði að henni kom fyrst í hug, að kennarinn kæmi svona fram við stákinn hennar vegna þess, að hann er pólskur, en það var bara tilfinning oghún spurði aldrei beint út í það.

Marta segir líka að hún vildi fá styttri aðlögun. Sérstaklega að þegar það var í annað skiptið sem Tomasz byrjaði í leikskóla og aðlagaðist strax vel. En Marta bendir á að leikskólinn styðji son hennar við íslenskunámið, með því að lesa bækur og sýna myndir. Líka valkerfi með myndum þar sem barnið velur hvað það vill leika sér við. Hún er ánægð með þetta. Hún vill sjá meiri áhuga leikskólans á þeirra menningu. Hún segir:

...mér finnst að leikskólinn hafi engann áhuga á menningu okkar, en ég tel að það væri kannski gaman, ef kennarinn myndi til dæmis vita, hvað ég er að elda um jólin eða kynna sér sögu Póllands, bara til að kynnast okkur betur.

Þegar ég spurði hana um hvort leikskólin væri að reyna að styðja þau í að aðlagast samfélaginu, þá svaði hún neitandi. Hún benti líka á, að henni langaði ekki til þess, því hún væri að vinna með Íslendingum og þekkti nokkuð til íslenskrar menningar. Hún segist vera í góðum samskiptum í vinnunni við íslenska fólkið. En ef talað er um son hennar, þá segir hún að hann sé of ungur til þess að kynnast íslensku samfélagi betur. Það komi með tímanum og hann verður að læra það, því þau eru að búsett á Íslandi.

Í öllum viðtölunum kemur líka fram, að mæðurnar vilji hafa gott samstarf milli leikskóla og heimila, fá allar upplýsingar um hvað börnin eru að gera í hópastarfi; svona daglegar upplýsingar um það, hvernig barnið borðar, eða hvort það sofi vel.

Krystynu finnst hún ennþá fá of litlar upplýsingar um starf leikskólans. Hún fáir engar upplýsingar um barnið nema hún spyrji. Stundum sé kennarinn upptekinn við að tala við aðra foreldra. Um það segir hún:

Það væri gott að hafa til dæmis upplýsingatöflu. Það er jú til svoleiðis tafla í fataklefanum, en þar þyrfti kennarinn að skrifa í stuttu máli, hvernig dagurinn var, hvað þau voru að gera, o.s.frv. Ég ætla að spyrja um þetta á næsta foreldrafundi.

Krystynu finnst einnig að eitt af aðalatriðiðunum í góðum samskiptum felist í því, að báðir aðilar séu hreinskilnir og þori einnig að segja það neikvæða, ekki eingöngu það jákvæða. Hún segir jafnframt:

Kennarinn þarf að segja frá deginum, til dæmis ef barnið meiðist eða svoleiðis. Mig langar að fá upplýsingar um hvað þau eru að gera í hópastarfinu, eða svona daglegar upplýsingar hvað þau eru að gera. Ég man einu sinni að Anna var með hausverk allt kvöldið, svo ég spurði næsta dag í leikskólanum, hvort Anna hefði meitt sig eða einhvað. Þá kom í ljós, að hún var að róla daginn áður og datt úr rólunni.

Marta byrjaði á því að segja frá því, hvernig var á hinum leikskólanum; að þar var allt annað en á núverandi leikskóla: Fyrir framan deildina var blað með öllum upplýsingum og hún spurði pólska kennarann, ef hún vildi vita

meira. En hér er það öðruvisi. Hér fæ ég engar upplýsingar. Hún veit ekkert hvað þau eru að gera í leikskólanum og í hópastarfinu. Hún vill að kennararnir noti upplýsingatöflu til að skrifa, hvernig dagurinn var hjá börnunum. Hér kemur hún með dæmi:

Það var rafmangslaus dagur í leikskólanum, en ég vissi það ekki; ekkert á töflunni. Engin sagði neitt við mig daginn áður. Þegar ég kom í leikskólann, þá var myrkur og mér fannst það skrítið. En sko, ég kem stundum svo snemma á morgunna að ég er ekkert að spyrja, skil Tomasz eftir á leikskólanum og fer beint í vinnuna. Þar var ein vinkona mín sem er með barn í sama leikskóla og er pólsk og spurði mig, hvort ég hefði látið hann Tomasz hafa vasaljós, því það er rafmangslaus dagur í dag í leikskólanum. Ég var svo reið, hljóp strax út og keyrði aftur heim að sækja vasaljós og í leikskólann og hvað hann var ánægður að sjá mig með vasaljósið,...hmm en eftir það ákvað ég að spyrja bara sjálf, oftast, líka pólsku mæðurnar sem eru með börn í sama leikskóla.

Juliu finnst hún aftur á móti vera vel upplýst. Hún segir að þegar Adam var að byrja í leikskólanum, þá átti hann erfitt með að komast inn í leiki vegna tungumálsins og líka, að hann kunni ekki að leika sér með öðrum, því hann var einn heima með mömmu sem leyfði honum stundum of mikið. En hér bendir hún á, að samskipti milli kennara og foreldra hjálpuðu til við að leysa málið. Núna á Adam ekki í neinum erfiðleikum með að leika við börnin og að komast inn í leiki. Hún er ánægð með leikskólann, en hún veit, að það er menningarlegur munur og stundum erfitt að skilja af hverju eitthvað er gert nákvæmlega svona, en hún er óhrædd að spyrja. Hún segir líka að:

Ég vissi allt áður en Adam byrjaði í leikskólanum og það var miklu auðveldara fyrir okkur, því systir mín er að vinna í leikskóla og sagði mér hvernig ég gæti undirbúið barnið mitt. Hún sagði mér, hvernig aðlögunin er og um hvað allt þetta snýst og hvernig leikskólaganga barnanna er. En jú, ég fékk þessar upplýsingar líka frá leikskólanum, nema það var gott að vita það fyrir, frá systur minni.

Allar mæðurnar voru sammála um, að þegar þær eru öryggar og treysta leikskólanum, þá verði börnin einnig örugg og ánægð. Þær segja það einnig vera eitt af undirstöðuatriðunum til þess að starfið í leikskólanum gangi vel,

að vera í góðu samstarfi við kennarana. Leikskólakennarar þurfi að vera vandaðir í framkomu og sýna, að þeir séu til að veita allar upplýsingar um barnið og að þeim sé treystandi.

4.1.4 Tilfinningar (liðan þegar barnið hóf leikskólagöngu)

Það kemur fram í öllum viðtölunum við foreldrana, að það var erfiður tími þegar börnin þeirra byrjuðu í leikskóla og þeir óttuðust, að barnið þeirra skildi ekki hvað kennarinn væri að segja, eða að kennarinn skildi ekki, hvað barnið væri að segja. En þeir voru líka kviðnir vegna aðskilnaðarins. Julia segir að:

Það var stress, því hann var 18 mánuði heima með mömmu, aldrei nein annar að passa hann. Fyrstu nokkrar vikurnar gat ég ekki hugsað um neitt annað í vinnunni, nema hvað hann væri að gera í leikskólanum, hvort honum liði vel eða ekki, hvort kennarinn hugsaði vel um hann, en jú ég vissi samt að það var allt í góðu lagi, nema þú veist, þetta var bara svolítið sjúkt.

Julia segir að það þurfti tíma til að hætta að hugsa um allt þetta sem kom fram hér fyrir ofan og segir líka að:

Fyrstu vikuna eftir aðlögun grét Adam, þegar ég kom með hann í leikskólann og sagði að núna ætlaði ég að fara að vinna, en þá tók kennarinn hann og faðmaði og reyndi að vekja athygli hans á leik eða einhverju öðru á meðan ég var að fara. Það var jákvæð upplifun, eins og annað,... eins og að kenna íslensku og bæta hegðun hans, allt fint.

En það var líka annað sem hún vildi benda á:

Hann var líka kviðinn yfir því, að börnin skildu ekki hvað hann var að segja; hann var reiður. Og hann var líka einn, það voru ekki fleiri pólsk börn þarna og þegar ég hugsa núna um þetta, þá það var kostur, því Adam lærði íslensku fljótt, til að geta átt samskipti við önnur börn; til að geta leikið sér.

Hér bætir hún líka við, að kennararnir séu duglegir að passa, að koma barninu inn í leiki; enginn er úti í horni. Nema að barnið velji það, að leika sér eitt.

Marta ræðir um, hvað það var erfitt fyrir hana að skilja Tomasz eftir í leikskólanum. Hún segir:

Ég grét þegar Tomasz byrjaði í leikskólanum. Hann var lengi heima með mér og ég skráði hann fyrst í 4 tíma í leikskólann og svo fór ég að lengja tímana í 5-6 á dag, en núna bara allan daginn. Ég er líka að vinna og hann elskar leikskólann. Hann var kannski of lengi með mér heima, hahaha.

Marta segir líka að hún hafi verið stressuð, því hann skildi ekki íslensku og ef þau hefðu verið í Póllandi, þá myndi hún ekki hafa verið svona stressuð vegna tungumálsins. Að lokum bættir hún nokkrum orðum um aðlögun og segir:

Mér finnst aðlögunin sjálf hafa gengið mjög vel og ég vildi fá styttri aðlögun. Tomasz var bara fljótur að aðlagast, ekki eins og ég, því honum leiddist bara heima með mömmu og langaði að leika sér við önnur börn.

Krystyna segir frá reynslu sinni þegar Anna byrjaði í leikskólanum og hve stressuð hún var, örugglega stressaðri en barnið var. Hún segir:

Ég fékk svona tilfinningu innra með mér, að litla stelpa mín væri að fara að heiman. Ég kveið mest fyrir því, að kennararnir þekktu Önnu ekki, hvað hún gæti og hvað hún gæti ekki. Það sagði mér enginn, hvernig aðlögunin væri og hvað mitt hlutverk væri í aðlöguninni.

Í framhaldinu segir Krystyna, að henni brá einu sinni þegar hún sá litla stelpu klifra upp í gluggann og kennarinn var hvergi nálægt henni. Hún hefði getað dottið og meitt sig. En þá sagði kennarinn að hann væri að fylgjast með. Hann væri bara að leyfa stelpunni að reyna sjálfri. Hún bendir á þetta dæmi og segir, að henni finnst stundum að kennararnir fylgdist ekki nógu vel með börnunum. Það væri það bara hennar tilfinning, því það gerðist samt ekki neitt slæmt.

En foreldrarnir hlökkuðu til að barnið þeirra fengi tækifæri til að leika sér með börnum á sama aldri, læra að fara eftir reglum og læra íslensku. Marta segir að:

Það skipti mig miklu máli, að hann byrjaði í leikskóla og fengi tækifæri til að leika sér við börn á sama aldri, læra íslensku, læra vera í hópi og líka það hversdaglega, eins og að lita, mála og hlaupa.

Julia segir að það hafi verið gott fyrir strákinn hennar að fara í leikskóla og vera með öðrum börnum. Hún bætir við:

Ég hlakkaði til að hann færi í leikskólann. Sérstaklega af því að hann var einn heima og kunni ekki að leika sér við önnur börn. Eftir að hann byrjaði í leikskólanum breyttist það. Hann var líka svolítið óþekkur, en reglurnar í leikskólanum hjálpuðu honum að breytast og róast.

Krystynu finnst að það sem þau hlökkuðu mest til, þegar Anna byrjaði í leikskóla, var að hafa samskipti við önnur börn. Hún segir:

Já, ég hlakkaði til sérstaklega út af því að Anna fengi tækifæri til að leika sér við börn á sama aldri og líka jú, að hún lærði íslensku.

Þær segja að mjög misjafnt sé, hversu duglegir leikskólakennararnir eru að skila öllum upplýsingum um barnið til foreldra, en þær eru líka sammála um, að foreldrar þurfi stundum líka að miðla meiri upplýsingum til kennaranna. En allar eru sammála um, að allt samstarf hafi breyst töluvert til hins betra.

4.1.5 Samantekt

Að loknu hverju viðtali spurði ég um það, hvort það væri eitthvað sem þær vildu segja að lokum; eitthvað sem ég spurði ekki um, en þeim finndist mikilvægt og vildu koma á framfæri. Þær sögðu, að þær væru sammála um mikilvægi leikskólagöngu fyrir börnin þeirra. Sérstaklega af því, að þau eru börn af erlendum uppruna og báðir foreldrar eru pólskir og tala pólsku heima. Hér koma nokkur atriði frá mæðrunum:

Það skiptir miklu máli að barnið mitt sé í leikskólanum, læri íslensku, leiki sér og læri að vera í hópi, segir Marta.

Ég ætla að segja aftur, að ég myndi ráðleggja öllum að senda börn í leikskóla, sérstaklega, já, fólki frá útlöndum, því barnið

lærir íslensku og leikur sér við önnur börn og læri það líka, áður en það fer í grunnskólann, hvernig er að vera í barnahópi og hvaða reglur og allt gildir í íslensku samfélagi, segir Julia,

en Krystyna bendir aftur á fyrsta viðtalið og aðlögunina og segir:

Ég verð að segja það aftur, því mér finnst þetta mikilvægt, þú veist, fyrstu viðbrögð og það var erfitt fyrir mig þegar Anna var að byrja, því ég vissi ekki mikið og það var svolítið erfitt að ná sambandi við kennarann. Allir svo uppteknir, já, ég skil það, en ef ég hefði fengið gott viðtal við leikskólastjórann eða hópstjórann hennar Önnu, áður en hún byrjaði og fengið meiri upplýsingar um starf leikskólans, þá hefði það verið auðveldara fyrir mig og líka kannski fyrir Önnu. Því ef ég hefði vitað meira, þá hefði ég kannski getað undirbúið hana betur. Núna er allt gott, en ég er enn stundum að hugsa um það, þegar hún var að byrja.

Væntingar allra foreldra skipta miklu máli fyrir gott leikskólastarf. Allir foreldrar hafa mismunandi skoðanir á því, hvað henti barni þeirra og hvaða þjónustu þau þurfa. Oft vita foreldrar hvaða þjónusta er í boði og því er hlutverk leikskólans að bjóða og sýna þeim fram á þá þjónustu og hvaða réttindi þau hafa í kerfinu, sérstaklega þegar talað er um börn af erlendum uppruna. Sjónahorn foreldra skiptir miklu máli.

4.2 Viðtöl við leikskólakennara

Hér skoða ég og fjalla um svör leikskólakennaranna, viðhorf þeirra til menntunar barna af erlendum uppruna og samstarf á milli heimilis og leikskóla.

Þemun fyrir leikskólakennarana eru eftirfarandi:

Undirbúningur í leikskólanum.

Aðlögun barnanna.

Aðferðir notaðar til að auðvelda leikskólagöngu.

Umhverfi.

Upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla.

Væntingar foreldra til leikskóla.

Samantekt.

4.2.1 Undirbúningur í leikskólanum

Leikskólakennararnir í tveimur leikskólum segja, að yfirleit sé enginn sérstakur undirbúningur áður en barn af erlendum uppruna byrjar í leikskólanum. Anna segir, að það sé pantaður túlkur fyrir fyrsta viðtalið, en hún notar líka hjálp pólsks leikskólakennara, ef foreldrar sammþykkja það. Hún segir:

Leikskóli sem er með starfsmenn af erlendum uppruna og tala á öðrum tungumálum, eru ríkir leikskólar. Það gerir starfið okkar fjölbreytara. Samfélagið er að verða fjölmennilegt og gott að hafa það líka í leikskólanum.

Kata telur mikilvægt að koma mikilvægum upplýsingum um hlutverk og stefnu leikskólans til foreldra barna af erlendum uppruna, en oft sé það erfitt. Hún segir:

Margir leikskólar, eins og í Reykjavík, hafa upplýsingar á heimasíðum á flestum tungumálum og það er mjög þægilegt að fá svona upplýsingar á pólsku, þýsku, ensku; á þessum tungumálum sem eru aðgengileg í bæjarfélaginu, en það er ekki hér, það vantar.

Sólveig stendur best að vígi í þessum málum. Áður er barn af erlendum uppruna byrjar í leikskólanum hennar er send myndabók heim til foreldranna. Þegar foreldri kemur í fyrsta viðtal, þá er stundum ekki pantaður túlkur, því foreldrar vilja helst koma með einhvern sem þau þekkja til að túlka fyrir þá, vin eða fjölskyldumeðlim, en í næsta viðtali er pantaður túlkur. Svava segir að:

Það er kynningabæklingur á íslensku, en það er pólskur starfsmaður sem fer yfir þetta með foreldrum, og við ætlum að láta þýða þennan bækling yfir á pólsku, vonandi núna í sumar, því það eru svo margir pólskir foreldrar og við viljum hafa það á pólsku.

4.2.2 Aðlögun barna

Leikskólakennararnir allir telja, að aðlögun barna skipti mestu máli fyrir áframhaldandi leikskólagöngu þeirra og líka fyrir foreldra barna af erlendum

uppruna. Þeir segja allir, að það vanti sértaka móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna.

Aftur er það Sólveig, sem stendur best að vígi í þessum málum, því núna er til svona móttökuáætlun barna af erlendu uppruna í leikskólanum hennar. Það hefur bara ekkert barn byrjað síðan áætlunin kom. Hún segir:

Það er áætlun núna, en það hefur ekkert barn byrjað síðan áætlunin kom. En það var svipað áður, og líka eins og hjá íslenskum börnum, að það er einhver ein sem tengist barninu frá fyrsta degi og við erum að passa að gera það sérstaklega þegar barn af erlendum uppruna er að byrja. Svona lykilpersóna og við erum líka að nota tákni með tali í samskiptum við börnin og myndrænt dagskipulag. Við leyfum þeim líka að koma með eittherja hluti að heiman, ef þess þarf. Til að tengist við heimilið.

Hún útskýrir líka fyrir mér, hvernig aðlögunin hjá henni er og segir að:

Það eru þrjú þrep í aðlöguninni hjá okkur og við metum í hvert skipti hvenær barn er tilbúið í næsta þrep. Á fyrsta þrepi er foreldrið með barnið allan tímann. Svo á næsta þrepi fara foreldrarnir part úr degi í burtu og það er spurning, hve lengi barnið þarf að vera í því þrepi og þriðja þrepið er, þegar barnið er öruggt og tilbúið að vera skilið eftir eitt... Við tókum mið af hverju barni. Það var einu sinni 4 ára barn sem byrjaði og það var miklu erfiðara fyrir það en fyrir yngra barn.

Anna segir, að hún hafi einu sinni lent í smá vandræðum með foreldra barns af erlendum uppruna, þegar þau komu með barnið í aðlögun. Hún segir:

Það var ein að byrja á deildinni hjá mér og það gekk ekki nógu vel. Þau virtust ekki vita, hvernig aðlögunin ætti að vera og vildu bara skilja barnið eftir á fyrsta degi. Þá var talað við þau á ensku, þabinn talaði smá íslensku. Ég myndi vilja gera þetta öðruvísi. Ég myndi fá túlk.

Hjá Kötun er aðlögun barna af erlendum uppruna svipuð eins og hjá hinum og það fer eftir því, hvað börnin eru gömul. Kennararnir reyna að sjá hvað barnið þorir, og hvað það þurfi langan tíma. Hún segir:

Það þarf stundum lengri tíma, fer eftir barni, en aldrei styttri.

4.2.3 Aðferðir notaðar til að auðvelda leikskólagöngu

Leikskólakennararnir segja, að það sé margt gert til að auðvelda barni af erlendum uppruna leikskólagönguna. Fyrst er reynt að koma barninu inn í leiki. Börn af erlendum uppruna hafa oft lent í félagslegum vandræðum, svo leikskólinn þarf að vera vakandi í þeim tilvikum og hjálpa barninu að komast inn í barnahópinn. Þeir leggja líka áherslu á að börnin læri íslensku, en hafi líka aðgang að móðurmáli sínu.

Oftast er lesið fyrir börnin með því að sýna myndir og útskýra þær. Þau eru líka með auka íslenskutíma hjá sérkennslustjóra til að auka íslenskukunnáttuna.

Tækifærið er líka notað til að lesa fyrir börnin á móðurmáli þeirra, ef leikskólinn er með erlendan kennara eða starfsmenn, sem tala sama tungumál. Börnin verða að viðhalda móðurmáli sínu til að eiga auðveldara með að læra annað tungumál.

Kata hefur sína eigin aðferð til að koma barni af erlendum uppruna inn í leik. Hún segir:

Til dæmis í hlutverkaleik, þá er ég að fara leika við barn og svo koma önnur börn til okkar í leikinn, þá dreg ég mig í hlé, fer aðeins frá, en fylgist með þeim hvernig gengur.

Hjá Önnu er lögð rík áhersla á íslenskukunnáttu og börn af erlendum uppruna fara í auka tíma hjá sérkennslustjóra. Hún segir:

Þau fara í aukakennslu hjá sérkennslustjóra. Þar er lesið fyrir þau, talað við þau og gerðir alls konar hlutir á íslensku, skoðaðar myndir í bókum, spilað...

Sólveig segir frá íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna og þar sem hjá þeim eru mörg pólsk börn er líka lögð áhersla á að þau fái kennslu í pólsku. Það er passað upp á að erlend börn fái það ekki tilfinninguna, að það sé bannað að tala pólsku í leikskólanum. Hún segir:

Við þössum okkur á að barnið upplifði ekki, að það sé bannað að tala pólsku í leikskólanum. Það er svona smá regla hjá okkur, að ef það eru bara pólsk börn að leika saman, þá tala þau á pólsku, en þegar þau eru að leika við önnur börn líka, þá

þurfum við að tala á tungumáli sem allir skilja. Þetta gengur bara mjög vel og börnin skilja þetta.

Annað sem leikskólinn hennar Sólveigar gerði til að ná betur til foreldra pólska barna, sem er meiri hluti í leikskólanum, þá fóru þau alla leið til Póllands, og um það segir hún:

Já, það eru mörg pólsk börn hjá okkur og okkur langaði að sjá, hvernig þetta er í Póllandi. Mér finnst að við höfum núna meiri skilning á pólskri menningu og vitum nú, hvaða aðferðir best er að nota og hvað þurfi að gera til að auðvelda leikskólagöngu pólska barna. Það kom oft í ljós þegar við vorum að skoða leikskóla í Póllandi. Já, núna skil ég þetta.

4.2.4 Umhverfi

Kennararnir segja, að það skipti máli, að viðkomandi sjái eitthvað í umhverfi leikskólans sem hafi hliðstæðu í heimalandi þeirra eða tungumáli. En yfirleitt er ekki mikið, eða ekkert, gert úr því.

Sólveig stendur best að þessu leiti. Það kemur fram í viðtalinu við hana, að í leikskólanum hennar sýna allir virðingu fyrir menningu og þjóðerni barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra.

Hún segir:

Við erum með skildi frammi og þar stendur „góðan daginn“ á mörgum tungumálum og við segjum líka „Dzien dobry“ og brosum. Við erum með fánann þeirra og við reynum að sýna þeim, að við berum virðingu fyrir menningu þeirra og uppruna. Hvetjum þau til að tala tungumál þeirra. Við reynum að sjá til þess að þau séu með sterka sjálfsmynd. Börnin skilgreina sig snemma, „ég er pólskur“, „ég íslenskur“, og við reynum að leyfa þeim að velja.

Og svo bætir hún við:

Við höldum t.d. upp þjóðhátíðardag Pólverja, hinn 11. nóvember. Þau koma með hluti að heiman til að sýna okkur, við horfum á pólskar teiknimyndir og það er pólskur matur í hádeginu. Pólskt þema allan daginn. Grunnskólakrakkar koma til okkar og lesa fyrir okkur á pólsku, stundum koma foreldrar

og segja frá landinu sínu. En það er einu sinni á ári og ég veit að það má vera oftara. Samfélagið er fjölbreyttara; hefur breyst.

Aftur á móti segir Anna að það sé ekki mikið gert hjá henni nema í tilefni af afmæli barnanna. Hún segir:

Það er góð hugmynd að gera eitthvað, en - nei - við gerum ekkert, nema þegar barnið á afmæli. Þá setjum við fánana í fataklefan, íslenska og pólska, og svo litla fána á ávexti og tölum um land barnanna.

Það er ekkert gert í umhverfi leikskólans sem hún Kata vinnur á. Kata segir að:

Við gerum ekkert fyrir erlend börn en við erum heldur ekki með neitt á íslensku til að bjóða þau velkomin.

4.2.5 Upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla

Leikskólakennurinum finnst að undirstaða góðra samskipta sé fólgin í mikilvægi þess, að upplýsingar um barnið komist til skila, bæði frá foreldrum og leikskólanum. Og til þess að starfið í leikskólanum gangi vel þarf að vera í nánú samstarfi við foreldrana.

Sólveig heldur því fram, að það þurfi að vera gott samstarf við foreldra og reyna að koma sem flestum upplýsingum til foreldra barnanna. Hún hélt því fram, að það væri stundum erfitt að ná tengslum við erlenda foreldra, erfitt að ná þessu að spjalla saman, en það lagaðist um leið og þau fengu pólskan starfsmann í leikskólann.

Í framhaldi af því sagði Sólveig líka:

Við höfum einstaka sinnum skrifað eitthvað á ensku og ég vil að pólskur starfsmaður sem er að vinna hjá okkur þýði upplýsingabæklinginn, en ég veit að þarf að gera eitthvað meira. Það er til Fjölmenningarvefur hjá Reykjavíkurborg og við erum að nota hann líka. Þar eru margar upplýsingar til á mörgum tungumálum, en stundum er það bara erfitt að koma öllum upplýsingum til þeirra. Það er auðveldara ef annað foreldrið er íslenskt, en samt þegar þarf að tala um eitthvað sérstakt, þá ég vil líka fá túlk, til að báðir foreldrarnir fái allar upplýsingarnar. Oft er það líka að eitthvert foreldrið hjálpar

nýjum foreldrum og það er gaman að sjá hvernig þau eru að læra íslenskuna. Við viljum helst fá þá til að tala íslensku.

Anna telur, að ef við reynum betur, þá getum við notað öll tækifæri til þess að ná góðu sambandi við foreldra. Hún notar oft kennara sem tala sama tungumál og foreldrarnir til að skila mikilvægum upplýsingum til þeirra um starfið í leikskólanum. Anna segir:

En ef eitthvað er að, þá reyni ég að kalla á kennara sem talar sama tungumál, til að útskýra fyrir foreldrunum og ég reyni líka að spyrja þau ef einhvað er að gerast í leikskólanum. Ef ég sé, að þau skilja ekki, þá reyni ég að fá upplýsingarnar á þeirra tungumáli, fá pólska kennarar til að skrifa á pólsku, t.d vegna tilkynningar um foreldraviðtöl. Við verðum að finna leið til að koma upplýsingum til þeirra. Ég hef verið svo heppin, að hér hefur verið pólskur kennari og ég nota hann mikið.

Hjá Kötu gengur líka nokkuð vel að skila upplýsingum til foreldra barna af erlendum uppruna. Kötu finnst mikilvægt að sýna foreldrum daglegt starf. Hún segir:

Við reynum að segja þeim hvað við erum að gera, með myndum. Við tölum mikið um hvað við erum að gera, skrifum á töflurnar og ég tek þessa foreldra sérstaklega og sýni þeim hvað börnin voru að gera. Og ég held að það gangi vel.

Að lokum bætti Sólveig við, að það sjáist líka með tímanum, að þegar foreldrar eru komnir inn í rútinuna, þá hafi þeir meiri áhuga og tíma til að kynnast leikskólastarfinu, spyrja sjálf meira, en samt ekki allir.

4.2.6 Væntingar foreldra til leikskóla

Viðmælendurnir hafa allir sagt að foreldrar hafi engar sérstaklegar væntingar til leikskólans eða leikskólakennaranna, eða bara tala ekkert um þær. Það hefur ekki komið neitt sérstakt frá foreldrunum um þær.

Anna hefur ekki reynslu af því, að foreldrar tjái sig um þetta. Henni finnst að ef foreldrar komi með einhverjar óskir, þá reyni hún að uppfylla þær, en hún man ekki eftir að foreldrar hafi gert svoleiðis kröfur. Hún bendir á, að hún myndi ekki breyta neinum hlutum fyrir foreldra, sem gætu farið illa með barnið:

Vegna aðlögunar, þá ég myndi ekki gera neitt sem fer illa með barnið, en foreldrar vita best, ekki kennarinn. Það er alltaf hægt að tala við og útkýra fyrir foreldrunum.

Hjá Kötunni hefur einu sinni borist ósk um lengri opnunartíma leikskólans, en ekkert annað varðandi hvað eigi að gera með börnunum eða hvernig.

Það kom eitt foreldri og spurði af hverju barnið gæti ekki verið hérna eins lengi og það vildi. Hann sagðist vilja hafa barnið í lengri tíma en bara til 16:30. Annars eru allir foreldrar ánægðir, glaðir og sáttir við starfið okkar.

Hjá Sólveigu var spurst í fyrsta viðtalinu eftir væntingum foreldra. Að hennar sögn hafa foreldrar ekki neinar sérstakar væntingar, þeir eru ekkert spá í þær. Það skiptir máli að barninu líði vel í leikskólanum og að vel sé hugsað um barnið. Nema kannski koma óskir frá pólskum foreldrum varðandi útiveru. Sólveig segir:

Það er kannski meira áberandi hjá pólskum foreldrum, að hafa óskir varðandi útiveru. Þau biðja oftast um að barnið verði inni vegna veðurs. Ég finn þínulítið, að þeir treysta okkur ekki alveg að meta veðrið. Við metum það og við tókum tillit til yngstu barnanna, og leyfum foreldrunum að ráða svolítið meira þar, en hjá þeim eldri, þá reynum við að fá þau að minnsta kosti út einu sinni á dag. Ef um hvíldartíma er að ræða, þá ráða foreldrarnir því, hvort barnið sefur úti í vagni eða inni. En það er ekkert vandamál. Reynum bara að semja smávegis og fáum foreldrana til að treysta okkur.

4.2.7 Samantekt

Að lokum spurði ég alla leikskólakennarana, hvort það væri eitthvað sem þeir vildu koma fram með að lokum. Þá komu fram nokkrar góðar hugmyndir um samstarf erlenda foreldra og leikskóla og einnig komu, að mínu mati, vel fram viðhorf þeirra til fjölmenningslegs samfélags.

Anna hefur ákveðnar skoðanir og segir:

Ég myndi gjarnan vilja að við ynnum þessi mál miklu betur. Ég vil sjá Kennarasambandið setja einhverja stefnu um það, hvernig við tókum á móti börnum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra, og hérna, að það væri auðveldara fyrir

kennarana að ná sér í efni, í staðinn fyrir að allir þurfi alltaf að gramsa til að finna eitthvað. Ég myndi vilja fá eitthvað í hendurnar um að við gerðum þetta svona og líka sjá hvatningu til leikskóla um að vera með erlenda kennara. Ég vildi sjá þannig breytingu. Við erum að sjá grunnskólabörn lenda í vandræðum og því þurfum við að byrja strax í leikskólunum að vinna meira og betra í þessu máli; hjálpa þeim að byggja frá grunni. Við erum ekki að standa okkur nógu vel í þessum málum í dag, en við búum í fjölmenningsarsamfélagi og við þurfum að vinna út frá því.

Kata hefur líka mikð að segja um vinnu okkar í fjölmenningu og skoðanir hennar eru sterkar. Hún kemur líka með góðar hugmyndir um það, hvernig vinna megi meira með fjölmenningu og gera þjóðerni annarra sýnilegra. Kata segir, að það hafi verið gert í öðrum leikskóla, sem hún vann á áður. Þar var fjölmenningsarvika og það komu foreldrar og elduðu til dæmis fyrir alla. Foreldrum og börnum fannst þetta skemmtilegt og merkilegt. Og hún segir að það hafi verið gert strax um leið og barn byrjaði í leikskólanum, frá tveggja ára aldri. Hún segir líka:

Ég myndi vilja fá foreldra til þess að koma og tala og sýna okkur landið þeirra, og hafa eitthvað að heiman, eða gera til dæmis svona dótakassa, indverska kassa, pólska kassa, tælenska kassa, -bækur, -myndir og við myndum fara yfir þetta með börnunum í hópavinnu; ekki leyfa börnunum að leika frjálst með þetta.

Kata hefur líka sagt, að það þurfi að vera vakandi yfir því, hvernig samstarfið er á milli foreldra barna af erlendum uppruna og leikskólans og líka hvernig við tökum á móti börnum af erlendum uppruna. Hún segir:

Það eru ekki allar þjóðir eins og við megum ekki dæma strax heldur upplýsa. Það þarf að hafa það skriflegt, hvernig við eigum að taka á móti börnum af erlendum uppruna og hvernig við styðjum foreldra þeirra og hafa upplýsingar á þeirra tungumáli. Kynna foreldrum rétt þeirra, til dæmis réttinn til að fá túlk.

Í eftirfarandi kafla dreg ég saman það helstu niðurstöður sem kom fram í viðtölunum og tengi það við fræðilega kaflann.

5 Umræða

Í þessum kafla verða bornar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar við fræðilega kaflann. Mikilvæg svör komu fram í viðtölunum við leikskólakennarana og mæður barna af erlendum uppruna. Hér ætla ég að taka svör beggja hópanna og tengja þau við það, sem fram kom í fræðilega kaflanum. Að lokum verður rannsóknarspurningunni svarað.

Fyrst ætla ég að bera saman svör mæðranna við fræðilega kaflann og þar næst bera mig eina að við svör leikskólakennaranna.

5.1 Foreldrar

Hér ætla ég bera saman svör mæðra með hliðsjón af fræðilegum forsendum ritgerðar.

5.1.1 Ytri aðstæður við upphaf leikskólagöngu barna þriggja pólskra mæðra

Mæðurnar þrjár sem rætt var við töldu allar, að íslenskunám hefði vegið þungt til að þær settu börnin sín í leikskóla. Tvær sögðu, að þær hefðu einnig þurft öruggan stað fyrir börnin á meðan þær stunduðu vinnu. Allar töldu leikskólann mikilvægan fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast íslenskri menningu. Það er sambærilegt við það sem Broström (2003) segir um fyrstu upplifanir barns af leikskólanum, þ.e. að það þurfi að einkennast af trausti og öryggi; trausti á því, að brugðist sé við þörfum þess. Út frá því byggir barnið framhaldið, mótar sjálfsmýnd sína og skapar önnur tengsl.

Í viðtalinu kom fram, að mæðurnar leggja mikila áherslu á það, að barnið kynnist íslenskri menningu. Menntun barns í leikskóla á að beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika, andlega og líkamlega getu, virðingu fyrir foreldrum, menningarlegri arfleið, tungu, gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess, er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1992).

5.1.2 Fræðslan um leikskólann

Niðurstöðurnar sýna, að mæðurnar hafa haft litlar upplýsingar um leikskólann þegar börn þeirra hófu leikskólagöngu. Ein segist hafa rennt blint í sjóinn og ekki vitað neitt. En það sama sýna niðurstöður rannsóknar sem Hanna Ragnarsdóttir (2007) gerði á stöðu innflytjendabarna á Íslandi. Það er, að oft skorti þekkingu og skipulag í skólum til að mæta fjölmennningarlegum veruleika og koma til móts við þarfir barnanna. Skilningur og þekking flestra kennara á bakgrunni barnanna er af skorum skammti og misjafnt hvernig þeim er mætt. Ekki er farið eftir skólastefnu eða heildarsýn, heldur ræðst þetta af reynslu og þekkingu einstakra kennara.

Tvær nefna, að þær hafi fengið fræðslu þegar þær mættu með börnin í leikskóla í fyrsta sinn. Báðar fegnu túlk og aðgang að pólskum starfsmanni. Önnur fékk bækling sem útskýrði leikskólann fyrir henni. Hin fékk upplýsingar frá leikskólastjóra og deildarstjóra og nefnir að við fyrstu heimsókn hafi verið túlkur til aðstoðar, auk þess sem henni var bæði boðin áframhaldandi túlkþjónusta og aðgengi að pólskum starfsmanni skólans. Þetta er samkvæmt Lögum um leikskóla sem leggja skólum þá skyldu á herðar, að notast við túlka þegar um erlenda eða heyrnarskerta foreldra er að ræða (Lög um leikskóla, nr. 90/2008).

5.1.3 Væntingar þeirra til leikskólanna.

Mæðurnar hafa allar ákveðnar væntingar til leikskóla. Væntingar þeirra í öllum viðtölunum voru eins, þ.e. að kennarinn verður að taka vel á móti barninu, hugsa vel um það, hjálpa því að komast inn í leiki, kenna því að tala íslensku og hvernig íslenskt samfélagi er. Þau búa hér á landi og börnin þeirra fara í grunnskóla síðar og verða þá að þekkja reglur og menningu í barnahópi, til að barnið geti að verið hluti af hópnum, en ekki útundan. Og þetta má tengja við niðurstöður rannsóknar sem Liu, Young og Farmer (2000) gerðu í tengslum við væntingar foreldra til leikskólans og hvaða hlutverki hann ætti að gegna í menntun barna þeirra. Þar var komist að þeirri niðurstöðu, að foreldrar vilja að leikskólinn sé staður, þar sem barnið fær menntun, læri að taka til, temja sér góðar matar-, hvíldar- og salernisvenjur og viti hvenær það eigi að leika sér.

Niðurstöður erlendra rannsókna benda líka til þess, að leikskólinn sé meira til góðs fyrir börn mæðra sem tala annað tungumál heima, vegna þess að þau börn hafa betra tækifæri til að læra tungumálið í leikskólanum (Magnuson og fl., 2006). Það eru vaxandi vísbendingar um að leikskólaganga auki tungumálakunnáttu og bæti námshæfileika barna af

erlendum uppruna til lengri tíma. Sérstaklega kemur fram, að þessir kostir geta verið mjög áberandi meðal barna innflytjenda (Miller og fl.,2013). Það kemur líka fram í öllum viðtölunum, að það er margt gert í öllum leikskólum varðandi íslensku kennslu, til að styðja barn af erlendum uppruna við íslenskunámið. Julia greinir frá því, hvernig kennarinn styður erlend börn með því að lesa bók, spyrja spurninga, sýna svo myndir úr bókini og útskýra það sem þau eru að lesa. Hún bendir og á, að það er líka í boði auka íslenskakennsla hjá sérkennslustjóra, ef barnið þarf þess með.

Í öllum viðtölunum kemur líka fram, að mæðurnar vilja eiga gott samstarf milli leikskóla og heimila, fá allar upplýsingar um hvað þau eru að gera í hópastarfinu, þ.e. daglegar upplýsingar um það, hvernig barnið borðaði, eða hvort það sefur vel. Það kom líka skýrt fram í grein Rebbeccu S. New (1999) um hlutverk foreldra í námi leikskólabarna á Ítalíu, að samskipti og samvinna milli kenanra og foreldra eru mikilvæg í leikskólanum. Foreldrar taka þessa þátttöku í leikskólastarfinu mjög persónulega. Til að uppeldi skili sem bestum árangri þurfa foreldrar og kennarar að ræða saman um aðferðir og leiðir í uppeldi. Aðrir fræðimenn benda einnig á, að þátttaka foreldra í skólastarfi eflí sjálfstraust foreldranna, hvetji nemendur og skili sér í bættum námsárangri þeirra. Mjög mikilvægt er, að þegar barn byrjar í leikskóla, sé strax í upphafi byggt traust milli barna, foreldra og leikskólans (Rennie, 1996).

Það þarf að laga starf leikskólans að breyttum tímum og samræma það þörfum og væntingum nútímasamfélags. Epstein (2006) sýnir fram á, að góð samvinna þolir spurningar, árekstra, umræður og ólíkar skoðanir. Býður upp á ferli til að leysa vandamál og stendur styrkari eftir en áður. Krystynu finnst einnig, að það sé aðalatriði í samskiptum, að báðir aðilar séu hreinskilnir og þori að segja það neikvæða. Ekki eingöngu það jákvæða.

En Krystynu finnst, að hún sé ennþá of lítið upplýst um starf leikskólans og að hún fái engar upplýsingar, nema hún spyrji. En stundum er kennarinn upptekinn við að tala við aðra foreldra. Það er ekki í samræmi við það sem stendur í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011), að við upphaf leikskólagöngunnar er lögð áhersla á samstarf á milli foreldra og leikskóla og að starfsfólki beri að leitast við að ná til foreldra allra barna. Niðurstöður rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttir (2007) sýna skort á upplýsingum milli heimila og skóla. Samskiptum og skilningi er víða ábotavant og því myndast rof milli skólanna og heimilanna. Svo virðist sem skólanir reikni með einhliða aðlögun, sem þýðir, að fjölskyldur aðlagist skólunum á sem skemmstum tíma og að foreldrar hafa í raun lítið um þetta fyrirkomulag að segja. Þeir gera bara

það sem krafist er af þeim. Þeir trúá því, að þeir séu að gera rétt og það sem börnunum er fyrir bestu.

Mæðurnar telja að menntun leikskólakennara skipti ekki mestu máli. Kennarinn þurfi fyrst og fremst að hugsa um börnin frá hjartanu, sérstaklega þegar talað er um yngri börn. Það er ekki alveg í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar sem talað var um rétt á undan, en þar stendur, að foreldrar segja það mikilvægt, að leikskólakennarinn þurfi að vera hæfur til þess að geta kennt barninu öll ofangreind atriði og jafnframt, að leikskólakennarinn sé kona. Foreldrum finnst einnig áriðandi, að farið sé eftir þörfum þeirra, ekki síður en þörfum barnsins og þau telja nauðsynlegt að stjórnvöld sjái metnað sinn í að auka menntun leikskólakennara.

Það kom fram í viðtalinu, að Julia var hrædd um að börnunum væri mismunað vegna uppruna þeirra og það kemur fram í erlendum rannsóknum, að misrétti og mismunun hafi áhrif á þroska barna af erlendum uppruna. Það kom t.d. í ljós, að stærðfræðikunnátta, geðheilsa, og mannleg samskipti þessara barna voru oft á lægri stigum í slíkum skólum (Crosnoe, 2005). Þá þarf að hafa í huga, að börn af erlendum uppruna, sem eru að byrja leikskólagöngu, þurfa hjálp við að komast inn í barnahópinn. Leikskólakennararnir verða því að passa, að öll börnin séu jafnt stödd í barnahópnum og að ekkert sé skilið útundan.

Annar viðmælandi bendir á jafnrétti og vonast til þess, að kennarinn hugsi jafn vel um barnið hennar og um íslensk börn. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (2011) er fjallað um lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi og að börn þurfi að finna, að þau eru hluti af hópi. Þar kemur líka fram, að börnin eigi að finna lausnir og skiptast á skoðunum með því að hafa samskipti við önnur börn og starfsfólk.

5.1.4 Tilfinningar (liðan þegar barnið hóf leikskólagöngu)

Það kemur fram í öllum viðtölunum, að það var erfiður tími fyrir mæðurnar, þegar börnin þeirra byrjuðu í leikskóla. Þær óttuðust að barnið þeirra skildi ekki hvað kennarinn væri að segja, eða að kennarinn skildi ekki, hvað barnið væri að segja. Foreldrarnir voru líka kviðnir vegna aðskilnaðar við börnin. Það gæti verið í samræmi við Hönnu Ragnarsdóttur (2002), sem ræðir um, að það sé mikilvægt að leikskólinn „komi til móts við og virði menningu, trúarbrögð og uppruna barna og foreldra þeirra“. Það skiptir miklu máli að kennararnir séu meðvitaðir um bakgrunn nemandans, hvaðan hann kemur og hver menning hans er, því þá eiga þeir auðveldara með að setja sig í spor hans.

Viðmælendur mínir hlökkuðu allir til þess, að barnið þeirra fengi tækifæri til að leika sér við börn á sama aldri, læra að fara eftir reglum og læra íslensku. En það stendur líka í lögum um leikskóla (2008), að markmið leikskólastarfs byggist á hvetjandi uppeldisumhverfi og öruggum náms- og leikskilyrðum og að nám fari fram í leik og skapandi starfi. Þar stendur líka, að starfshættir leikskóla skulu mótast meðal annars af jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og umhyggju.

5.1.5 Samantekt

Í rannsókn sem Hanna Ragnarsdóttir gerði árið 2002, um markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi, kom fram, að það var í langflestum tilfellum ekkert sérstaklega unnið að móttöku erlendra foreldra, þó einhverjir skólar hefðu móttökuáætlun. Tekið var eins á móti erlendum foreldrum og þeim íslensku og ekki litið á slíka móttöku mismunandi augum.

Krystyna greindi frá því að henni fannst erfitt, þegar Anna byrjaði í aðlögun, að hún vissi ekki neitt um það, hvernig hún færi fram og hvað hlutverk hennar væri í henni. Það hefði verið betra að fá meiri upplýsingar, svo hún hefði getað undirbúið Önnu betur, en það var erfitt að ná sambandi við kennarann.

5.2 Leikskólakennarar

Hér ætla ég bera saman svör leikskólakennara við fræðilegan kaflann.

5.2.1 Undirbúningur í leikskólanum

Í rannsókn sem Hanna Ragnarsdóttir gerði árið 2002, um markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi, kom fram, að það var í langflestum tilfellum ekkert sérstaklega unnið að móttöku erlendra foreldra, þó einhverjir skólar hefðu móttökuáætlun. Tekið var eins á móti erlendum foreldrum og þeim íslensku og ekki litið á slíka móttöku mismunandi augum (Hanna Ragnarsdóttir, 2002).

Það er í samræmi við svör leikskólakennaranna, sem segja, að að yfirleitt sé enginn sérstakur undirbúningur áður en barn af erlendum uppruna byrjar í leikskóla. Anna segir að það sé pantaður túlkur í fyrsta viðtali, en að það sé líka pólskur leikskólakennari til staðar og ef foreldrar samþykki það, þá er hún að fengin til hjálpar. Sólveig, leikskólakennari, stendur best að vígi í þessum málum. Áður er barn af erlendum uppruna byrjar í leikskólanum hennar, er sen myndabók heim til foreldranna. Þegar foreldrarnir koma í

fyrsta viðtal, þá er stundum ekki pantaður túlkur, því foreldrarnir vilja helst koma með einhvern, sem þau þekkja, til að túlka fyrir þá, vin eða fjölskyldumeðlim, en í næsta viðtali er pantaður túlkur.

5.2.2 Aðlögun barna

Sólveig útskýrir, að það séu þrjú þrep í aðlöguninni hjá henni og eru börnin metin í hvert skipti þegar þau eru tilbúin á næsta þrep. Á fyrsta þrepi eru foreldrarnir með barninu allan tímann. Á næsta þrepi fara foreldrarnir part úr degi í burtu. Það er mismunandi, hve lengi barnið þarf að vera á því þrepi. Þriðja þrepið er þegar barnið er öruggt og tilbúið að vera skilið eftir ett.

Hér má benda aftur á það sem Broström (2003) segir, því hann telur, að fyrstu upplifanir barns af leikskólanum þurfi að einkennast af trausti og öryggi; trausti á því, að brugðist sé við þörfum þess. Út frá því byggir barnið framhaldið, mótar sjálfsmynd sína og skapar önnur tengsl.

5.2.3 Aðferðir notaðar til að auðvelda leikskólagöngu

Leikskólakennararnir segja, að það sé margt gert til að auðvelda barni af erlendum uppruna leikskólagönguna. Fyrst er reynt að koma barninu inn í leiki. Börn af erlendum uppruna hafa oft lent í félagslegum vandræðum, svo leikskólinn þarf að vera vakandi hvað það varðar og hjálpa barninu að komast inn í barnahópinn.

Hér má benda á hugmyndir Paley (1993), sem byggjast á því, að koma í veg fyrir útilokun ákveðinna barna frá leik. Verið er að líta til þess, að öll börn séu þátttakendur í leikjunum. Settar eru reglur um að það megi ekki segja: „Þú mátt ekki vera með“. Börn þurfa að fá tækifæri til þátttöku, ekki bara námslega séð, heldur líka félagslega séð. Einnig má nefna hugmyndir Vygotskys, sem skoðaði félagsleg samskipti barna. Hann kom fram með hugtakið ZPD, sem er svæði mögulegs þroska og vísar til þess, hvernig þroski og skilningur barna vex í félagslegum samskiptum (Vygotsky, 1978).

Leikur er vinsælasta og einfaldasta aðferðin til að auðvelda börnum af erlendum uppruna leikskólagöngu. Í gegnum leiki eru margir möguleikar til að efla tungumálakunáttuna. Mikilvægt er, að vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem vakna í leiknum, spyrja út úr og að vera góður hlustandi. Kennarinn þarf að vera skýrmæltur og ýkja þau orð í endurtekningu sem barnið segir vitlaust (Allen og Schwartz, 2001 og Widerstorm, 2005). Kata hefur notað leik sem aðferð til koma barninu inn í leik. Fyrst leikur hún við barnið, spyr spurninga varðandi leikinn og hlustar eftir svörunum. Svo koma önnur börn til þeirra að leika og það bætir líka félagsleg atriði.

Hjá Önnu er lögð rík áhersla á íslenskukunnáttu. Ein af aðferðunum sem notaðar eru til að efla íslensku, eru leshópar. Kennarinn les fyrir börnin, sýnir þeim svo myndir og útskýrir um hvað þau eru að lesa. Því næst spyr hann spurninga um lestrarefnið og með því fá börn af erlendum uppruna tækifæri til að tjá sig. Þessa aðferð má tengja við samvinnunám sem Kemple (2004) segir vera hentuga kennsluáferð. Þar vinna börnin saman í litlum hópum, svo allir geti tekið þátt í sameinilegu verkefni, sem hefur verið skýrt skilgreint. Það er sérstaklega gott fyrir börn af erlendum uppruna, sem eiga erfitt með að komast að og að tjá sig. Það gæti verið gott, að kennarinn beindi fyrstu spurningunni til þeirra barna og leyfði þeim að byrja umræðuna.

Það er líka notað tækifærið, ef leikskólinn er með erlendan kennara, eða starfsmenn, sem talar sama tungumál og börnin, til að lesa fyrir þau á móðurmáli þeirra. Börnin verða að halda móðurmáli sínu við, til að eiga auðveldara með að læra annað tungumál. Niðurstöður rannsóknar sem Birna Arnbjörnsdóttir (1998) gerði sýna, að góður grunnur í móðurmáli er lykilatriði í sambandi við tileinkun annars máls og að íslenskukunátta er forsenda fyrir velgengni í námi í íslenskum skólum.

5.2.4 Umhverfi

Kennararnir segja það skipta máli að viðkomandi sjái eitthvað í umhverfi leikskólans sem bendi til heimalands eða tungumáls þeirra. En yfirleitt er ekki mikið gert í því eða jafnvel ekkert.

Sólveig stendur best að vígi hvað þetta varðar. Það kemur fram í viðtalinu við hana, að í leikskólanum hennar sýni allir virðingu fyrir menningu og þjóðerni barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Um fjölmenningu í nokkrum löndum er fjallað í bókinni *Understanding Cultural Diversity in the Early years*, eftir Peter Baldock (2010). Hann segir frá því, að þó svo að fjölmenningu geti verið vandamál vegna margbreytilegrar menningar, þá er líka hægt að líta á hana sem tækifæri. Starf leikskólakennarans er ekki að dæma foreldrana, heldur að kynnast þeim og menningu þeirra svo barninu líði sem best í leikskólanum og að hann geti hjálpað barninu að aðlagast íslenskri leikskólamenningu, svo það falli vel inn í barnahópinn. Hanna Ragnarsdóttir (2002) ræðir líka um, að það sé mikilvægt að leikskólinn „komi til móts við og virði menningu, trúarbrögð og uppruna barna og foreldra þeirra“. Sólveig bendir á, að það þurfi ekki mikið, nema til dæmis að bjóða góðan daginn á tungumáli barna af erlendum uppruna, hvetja þau til að tala móðurmál sitt, eða halda upp á þjóðhátiðardag þeirra. Þá koma börnin með eitthvað að heiman til að sýna

okkur, eða að foreldrar koma og segja frá landinu þeirra. Í greininni *Menningarlæsi ungra barna*, eftir Þórdísi Þórðardóttur, er rætt um fjölmenningu í leikskólum og hversu miklu máli það skiptir, að börnin búi yfir menningarlæsi, til að geta tekið þátt í umræðum í leikskólanum (bls. 291). Einnig er rætt um að sú þekking, sem börn koma með að heiman inn í skólana, skapi þeim ákveðinn sess í hópnum.

5.2.5 Upplýsingaflæði á milli heimilis og leikskóla

Leikskólakennurunum finnst, að undirstaða góðra samskipta sé fólgin í mikilvægi þess, að upplýsingar um barnið komist til skila, bæði frá foreldrum og leikskólanum. Og til þess að starfið í leikskólanum gangi vel, þarf hann að vera í nánu samstarfi við foreldra.

Niðurstöður úr rannsókn Bryndísar Garðarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2007) sýna, að kennarar nefna helst daglegt spjall, foreldraviðtöl, almennar upplýsingar um starfið og kynningar og foreldrafundi sem leiðir í samstarfi við foreldra. Það sem helst var rætt um við foreldra var líðan barns þeirra, almennt um dagskrá og starf leikskólans, nám og þroska barnsins, aðbúnað og hegðun. Sama segja Kata og Anna. Þær reyna að skila öllum mikilvægum upplýsingum til foreldra og nota öll tæki til að foreldrar barna af erlendum uppruna fái sem mest af upplýsingum um daglegt starf leikskólans. Þeim finnst það skilpta miklu máli í daglegum samskiptum. Það getur tengst rannsókn sem Konzal gerði á leiðum til að skapa samfélag náms Hún komst að þeirri niðurstöðu, að þeir foreldrar sem eru í góðum tengslum við leikskólann, eru líklegri til þess að skilja og styðja það sem fer fram í leikskólanum. En til þess verður bæði tími og áhugi að vera til staðar (Kozal, 2000).

Solveig bendir líka á, að það er stundum erfitt að ná tengslum við erlenda foreldra, oftast vegna tungumálaerfiðleika. Guðrún Pétursdóttir (2003) segir leikskólakennara telja, að stundum sé erfitt að virkja erlenda foreldra til þátttöku og samstarfs, ásamt því að upplifa þá óörugga í samskiptum. Þannig beri stundum á þeim misskilningi að óöryggið er túlkað sem áhugaleysi. Það kemur einnig fram hjá Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur og Elsu Sigríði Jónsdóttur (2004), að tungumálaerfiðleikar geta þannig birst í samskiptum foreldra og barna um skólastarfið, því börnin þekkja aðeins íslensk orð og hugtök yfir það sem gerist í skólanum og geta því ekki miðlað því til foreldranna. Þar af leiðandi eiga foreldrarnir erfiðara með að fylgjast með og skilja þennan mikilvæga þátt í lífi barnanna.

Að lokum bætti Solveig við, að með tímanum sést að foreldrar eru komnir með þessa rútinu, hafa meiri áhuga og tíma til að kynnast

leikskólastarfinu og samskipti hafa aukist. Það kom líka fram í niðurstöðum rannsókna sem Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir gerðu í fjölmenningsfræðum innan leikskóla á árunum 2001–2004, að aukin samskipti við erlendu foreldrana hafi sýnt fram á, að foreldrarnir eru ólíkir einstaklingar og að það þurfi ekki mikið að leggja á sig, til að eiga góð samskipti. Það gleðji líka kennarana að eiga í meiri og betri samskiptum við erlenda foreldra.

5.2.6 Væntingar foreldra til leikskóla

Viðmælendur segja allir, að foreldrarnir hafi engar sérstaklegar væntingar til leikskólans, eða leikskólakennara, eða tala bara ekki um þær. Það hefur heldur ekki komið fram neitt annað sem foreldrunum liggur á hjarta.

Sylva og Siraj-Blatchford (1995) rannsökuðu menntun leikskólabarna í fjórum löndum á vegum UNESCO. Mikilvægt er að þeirra mati, að kanna hvaða atriði mæður af erlendum uppruna telji mikilvægt að séu höfð í heiðri í leikskólum barna þeirra. Einnig að skoða viðhorf leikskólakennara til þess, hvernig þeir vinna að því að bræða saman menningarheima. Í fyrsta viðtalinu við Sólveigu er spurt um væntingar foreldra. Hún segir foreldra ekki hafa neinar sérstakar væntingar. Þeir nefna bara að þeir vilji að barninu líði vel í leikskólanum og að vel sé hugsað um barnið. En allir leikskólakennararnir sem ég talaði við eru tilbúnir að fara eftir væntingum foreldranna, ef það fer ekki illa með barnið. Það er í samræmi við lög um leikskóla (2008), þar sem fram kemur, að skólar skuli stuðla að góðu og öflugum samstarfi við foreldra og að kennurum beri að vinna með foreldrum að námi og þroska barna.

5.2.7 Samantekt

Menntun barns í leikskóla á að beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika, andlega og líkamlega getu, virðingu fyrir foreldrum, menningarlegri arfleið, tungu, gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1992).

Kata hefur mikið að segja um vinnu okkar í fjölmenningu og skoðanir hennar eru sterkir. Hún kemur líka með góðar hugmyndir um það, hvernig vinna megi með fjölmenningu og gera þjóðerni annara sýnilegra. Kata segir líka að við þurfum að vera vakandi fyrir sambandinu við foreldra barna af erlendum uppruna og að við eigum ekki að dæma strax, heldur kynnast fyrst. Peter Baldock (2010) bendir á, að þegar okkur finnst manneskja vera

öðruvísi, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því, að fyrir henni erum við líka öðruvísi. Þess vegna verður maður að skoða sjálfan sig út frá eigin menningu og eiginleikum, áður en maður getur skilið og kynnst öðrum menningarheimum. Leikskólakennarar verða að bera virðingu fyrir nýjum foreldrum, þó svo þeim finnst þeir verða öðruvísi, því allt í lífi þeirra hér, er mjög líklega öðruvísi en þeir eru vanir. Baldock (2010) segir líka, að margir séu sammála um það, að það þarf að forðast að fordæma heila þjóð út frá nokkrum einstaklingum, eins og að allir múslimar séu álitnir hryðjuverkamenn. Þetta er sjónarmið sem hefur komið sterkt fram hjá Vesturlandþjóðum á síðustu árum, sérstaklega eftir 11. september 2001.

Anna segir að hún vilji að Kennarasamband Íslands setji einhverja stefnu um það, hvernig við tökum á móti börnum af erlendum uppruna og foreldrum þeirra. Að lokum segir Anna, að við búum í fjölmenningsambúðum og við þurfum að vinna út frá því. Samkvæmt Hagstofu Íslands búa um 22.690 erlendir ríkisborgarar á Íslandi. Í Ísafjarðarbæ búa um 370 einstaklingar af erlendum uppruna (Hagstofa Íslands, 2013).

5.3 Rannsóknarspurningum svarað

Í rannsókninni var leitast við að svara spurningum „Hverjar eru væntingar þriggja pólskra mæðra til leikskólagöngu barna sinna?“ og „Hvernig upplifa þeir leikskólakennarar hlutverk sitt og aðferðir við að vinna í fjölmenningslegum leikskóla og með börn af erlendum uppruna?“.

Rannsóknin sýnir, að væntingar foreldra barna af erlendum uppruna varðandi leikskólagöngu barna þeirra eru, að leikskólinn sé mikilvægur fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast íslenskri menningu. Það kemur líka fram, að mæðurnar vilja eiga gott samstarf milli leikskóla og heimilis og fá allar upplýsingar um daglegt starf hans. Allir foreldrarnir hlökkuðu til að barnið þeirra fengi tækifæri til að leika við börn á sama aldri, læra að fara eftir reglum og læra íslensku.

Í viðtölum við leikskólakennarana kom fram, að þeir eru allir tilbúnir til að taka á móti börnum af erlendum uppruna, þó það sé ekki til nein áætlun um það í flestum leikskólum Ísafjarðabæjar. Þeir töldu, að mikilvægt sé að ná til alla foreldra barna af erlendum uppruna og til að auðvelda það, þá þarf að hafa kennara af erlendum uppruna í hverjum leikskóla og það sé alveg frábært að hafa fjölbreyttan starfsmannahóp í leikskólum, því samfélagið hér á Íslandi er að verða fjölmenningslegt.

6 Lokaorð

Rannsókn mín og viðtöl benda til þess, og styðja rannsóknir annarra um það, að væntingar foreldra barna af erlendum uppruna varðandi leikskólagöngu barnanna eru, að leikskólann sé mikilvægur fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast íslenskri menningu. Það kemur líka fram, að mæðurnar vilja hafa gott samstarf milli leikskóla og heimilis og fá allar upplýsingar um dagleg starf hans. Allir foreldrarnir hlökkuðu til þess, að barnið þeirra fengi tækifæri til að leika við börn á sama aldri, læra að fara eftir reglum og læra íslensku. Á móti kemur í viðtölum við leikskólakennarana, að þeir eru allir tilbúnir til að taka á móti börnum af erlendum uppruna, þó það sé ekki til nein áætlun um það í flestum leikskólum Ísafjarðabæjar. Þeir töldu, að mikilvægt væri að ná til allra foreldra barna af erlendum uppruna og til að auðvelda það, þá þyrfti að hafa kennara af erlendum uppruna í hverjum leikskóla; að væri alveg frábært að hafa fjölbreyttan starfsmannahóp í leikskólum, því samfélagið hér á Íslandi væri að verða svo fjölmenningslegt.

Ég tel að rannsóknin sem ég vann sýni ágætlega, hvaða væntingar mæður pólsku barnanna hafa og hvaða viðhorf leikskólakennarar hafa til menntunar barna af erlendum uppruna og að báðir aðilar séu sammála um mikilvægi góðs samstarfs á milli þeirra.

Að lokum vil ég segja, að vitneskjan sem ég hef aflað mér við vinnu þessarar rannsóknar getur nýst mér vel í starfi mínu sem leikskólakennari og deildarstjóri, því á herðum deildarstjórans hvílir góð aðlögun barnanna, ásamt ábyrgð á góðu foreldrasamstarfi.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla*. (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Allen, Eileen K., Schwartz, Ilena S. (2001). *The exceptional child: Inclusion in early childhood education*. (4. útgáfa). Albany, NY: Delmar, Thomson Learning, inc.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2006). Samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna. *Uppeldi og menntun*, 15 (2). (bls. 31–48).
- Baldock, P. (2010). *Understanding cultural diversity in the early years*. London: Sage.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. Sótt 13. Desember 2013
http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/
- Birna Arnbjörnsdóttir. (1998). Hver er tilgangur með nýbúafræðslu? *Ný menntamál 1*, 16:12-17.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1992). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn og Bacon.
- Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Á mótum tveggja heima. Samstarf heimila og leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 679–699). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Broström, S. (2003). Unity of care, teaching and upbringing – A theoretical contribution towards a new paradigm in early childhood education. Í M. Karlsson-Lohmander (ritstjóri), *Researching early childhood: Care, play and learning curricula for early childhood education* (bls. 21-37), Gautaborg: Göteborg University.
- Elva Ölundardóttir, Gunnur Árnadóttir og Sigríður Sturludóttir. (2006). Menntun á grunni umhyggju. *Netla – Veftimarit um uppeldi og menntun*. Sótt 5. Júlí 2006 af
<http://netla.hi.is/greinar/2006/005/index.htm>
- Epstein, J. L., Sanders, M., Simon, B. S., Salinas, K. C., Jansorn, N. R. og Van Voorhis, F. L. (2002). *School, Family and Community partnership: Your Handbook for Action* (2. Útgáfa). USA: Corwin Press Inc.

- Frost, J.L., Wortham, S.C. og Reifel, S. (2005). *Play and Child Development* (2. útgáfa). New Jersey: Pearson Education, Inc.
- Guðrún Pétursdóttir. (2003). Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Fjölmenningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla. Reykjavík: Hólar.
- Hagstofa Íslands. *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum*. Sótt 15. nóvember 2013 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN10001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E9l%F6gum%2C+kyni%2C+r%EDkisfangi+og+%E1rsfj%F3r%F0ungu+m+2010%2D2013%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11, 51-79.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmenningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir o.fl. (ritstjórar), *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 249-271). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hitchcock, G. og Hughes, D. (1997). *Research and the teacher: A qualitative introduction to scholl-based research*. London: Routledge.
- Magnuson, K., Lahaie, C., Waldfogel, J. (2006). Preschool and School Readiness of Children of Immigrants. *Social Science Quarterly*, 87(5), 1241–1262.
<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1540-6237.2006.00426.x/full#fn10>
- Kemple, K.M. *Let's be friends: peer competence and social inclusion in Early Childhood programs* (2004).
- Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative research interviewing*. California: Sage.
- Konzal, Jean. (2000). Collaborative inquiry: a means of creating a learning community. *Early childhood research quarterly* 16:95-115.
- Liu, Winnie Puling, Young, Alexander Seeshing og Farmer, Sue. (2000). What do parents want from day care services? *Early childhood research quarterly* 16:385-393.
- Leslie, L., A., R. Etterson og P. Cumsille. (2000). Selecting a child care center: What really matters to parents? *Child and youth care forum* 29(5):299-322.

- Lillemyr, O.F. (2009). *Taking play seriously. Children and play in early childhood education-an exiting challenge*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Lög um leikskóla. (2008). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- New, S. Rebecca. (1999). What should children learn? Making choices and talking chances. <http://ecrp.uiuc.edu/v1n2/new.html>
- Nutbrown, C. (2006). Key person. Í *Key Concepts in Early Childhood Education and Care*, (bls. 80-83). London: Sage publication.
- Miller, P., Votruba-Drzal, E., Levine Cole, R. (2013). Predictors of early care and education type among preschool-aged children in immigrant families: The role of region of origin and characteristics of the immigrant experience. *Children and Youth Service Review*, 35(9), 1342-1355
- http://ac.els-cdn.com/S0190740913001473/1-s2.0-S0190740913001473-main.pdf?_tid=4c7a511a-5471-11e3-bd79-00000aacb35e&acdnat=1385233314_03c901cbbe112df411b480cf5cbcc9c3
- Ragna Lára Jakobsdóttir. (2007). Rannsóknir á Íslandi: Fjölmeningarsamfélagið. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmening á Íslandi* (bls. 185–248). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmeningarfræðum og Háskólaútgáfan.
- Crosnoe. R. (2005). Double Disadvantage or Signs of Resilience? The Elementary School Contexts of Children From Mexican Immigrant Families. *American Educational research Journal*, 42(2), 269-303.
- <http://aer.sagepub.com/content/42/2/269.full.pdf+html>
- Rennie, J. (1996). Working with parents. Í Pugh, G. (ritstj.), *Contemporary issues in the early years: Working collaboratively for children* (bls. 189-208). London: Paul Chapman Publishing.
- Sylva, K. og Siraj-Blatchford, I. (1995). *The early learning experiences of children 0-6: Strengthening Primary education through bridging the gap between home and school*. Paris: UNESCO.
- Widerstorm, Anne H. (2005). *Archiving Learning Goals Through Play: Teaching Young children with special needs*. (2. útgáfa). Baltimore: Brookes Publishing Co.
- Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Þórdís Þórðardóttir (2007). Menningarlæsi ungra barna. Í (Ritstjórar) Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson. *Fjölmening á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmeningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Viðauki

Viðtalsrammi fyrir mæðurnar

1. Hvers vegna settuð þið barnið/börnin ykkar í leikskóla?
 - a) Voru þau skylduð til þess og ef svo, af hverjum?
 - b) Var þeim ráðlagt það og ef svo, af hverjum?
 - c) Var það vegna vinnu?
 - d) Var það vegna óska um menntun barnanna?
 - e) Var það út af eitthverju öðru?
2. Hvað vissuð þið um leikskólann áður en barnið byrjaði þar?
 - a) Fenguð þið einhverja fræðslu um hlutverk leikskólans í íslensku menntakerfi?
 - b) Ef svo, hver fræddi ykkur og hvað fenguð þið að vita?
 - c) Annað sem þið viljið nefna.
3. Hvernig leið ykkur þegar barnið var að byrja í leikskólanum?
 - a) Voruð þið kvíðin?
 - b) Hverju kviðuð þið mest?
 - c) Hlökkudu þið til?
 - d) Hvað hökkuðuð þið mest til?
 - e) Annað sem þið viljið nefna.
4. Hvaða væntingar höfðuð þið til kennara og starfsfólks í leikskólanum?
 - a) Að kennararnir myndu útskýra leikskólagöngu barnsins fyrir ykkur?
 - b) Að kennararnir myndu taka vel á móti barninu án ykkar afskipta?
 - c) Að kennararnir myndu kenna barninu ykkar:
 - d) Að leika við önnur börn?
 - e) Að tala íslensku?
 - f) Að þekkja íslenskt samfélag?
 - g) Að kennararnir myndu leggja áherslu á að kynnst ykkur og fjölskyldunni?
 - h) Að kennarar myndu styðja fjölskylduna í að aðlagast samfélaginu?
 - i) Annað sem þið teljið mikilvægt um væntingar ykkar til kennaranna.

- j) Annað sem þið tölduð að kennararnir myndu gera.
5. Hvernig uppfyllti leikskólinn væntingar ykkar?
- a) Hvernig var tekið á móti barninu ykkar?
- b) Hvernig aðlagðist barnið leikskólanum?
- c) Hvað gerðu kennararnir til að styðja við íslenskunám barnsins?
- d) Hvernig gengur barninu að tjá sig?
- e) Hvernig gengur barninu að kynna öðrum börnum í leikskólanum (fær það hjálp frá kennurum)?
- f) Er leikskólinn eins og þið bjuggust við, eða er hann frábrugðin hugmyndum ykkar og ef svo er, þá hvernig?
- g) Eitthvað sem þú vilt segja að lokum, eitthvað sem ég hef ekki spurt um en þér finnst mikilvægt að komi fram?

Viðtalsrammi fyrir leikskólakennarana

1. Hvernig fer undirbúningur í leikskólanum fram, þegar von er á að barn af erlendum uppruna byrji í leikskólanum, miðað við þegar íslensk börn eru að byrja?

a) Þarf meiri undirbúningstíma áður en barnið byrjar? Ef svarið er jákvætt, hver undirbýr sig þá mest: Leikskólastjórinn, deildarstjórinn, eða almennt starfsfólk?

b) Er þantaður túlkur? Ef já, þá hve oft?

c) eru fleiri foreldrarfundir áður en barnið byrjar?

d) Fá foreldrarnir fræðslu um hlutverk leikskólans? Ef já, hver veitir hana?

2. Hvernig er aðlögun hjá börnum af erlendum uppruna?

a) Hvernig er tekið á móti barninu?

b) Er leikskólaganga barnsins útskýrð fyrir foreldrunum, eins og hugmyndarfæðin á bak við hana, hvað börnin læra og hvernig? Ef já hver gerir það?

c) Er aðlögunartími lengri eða styttri þegar börn af erlendum uppruna byrjar í leikskólanum?

3. Hvað er gert til að auðvelda barni af erlendum uppruna leikskólagönguna?

a) Fá börn af erlendum uppruna auka kennslu í íslensku umfram önnur börn? Ef já, hvaða aðferðir eru notaðar?

b) Fá börn af erlendum uppruna kennslu í móðurmáli sínu? Ef já, hver kennir það og ef nei, af hverju ekki?

c) Styður kennarinn barnið við leik? Ef já, þá hvernig?

4. Er eitthvað gert í umhverfi deildarinnar eða í fataklefa til að bjóða börnum og fjölskyldum þeirra af erlendum uppruna velkomin?

a) Ef já, þá hvað?

b) Ef nei, af hverju ekki?

5. Hvernig er staðið að því að byggja upp tengsl á milli heimilis og leikskólans?

a) Er spurt eða farið eftir kröfum og væntingum foreldra? Ef já, hverjar eru helstu væntingar foreldra barna af erlendum uppruna?

b) Er haft í fyrirrúmi, að foreldrar barna af erlendum uppruna séu vel upplýstir um starfið á leikskólanum? Hvernig er það gert?

c) Leggur skólinn sig sérstaklega fram um að kynnst fyrri menningarheimi barnanna? Hvernig er það gert?

d) Eitthvað sem þú vilt segja að lokum, eitthvað sem ég hef ekki spurt um, en þér finnst mikilvægt.